

Greinargerð starfshóps um sameiningu verkefna á sviði skógræktar

24. september 2015



Efnisyfirlit

Samantekt	3
1. Inngangur.....	5
2. Greining á núverandi stöðu	6
I. Breytingar í farvatninu	6
II. Núverandi skipulag	7
Skógrækt ríkisins	8
Landshlutaverkefni í skógrækt.....	8
Heklusógar	9
Fagráð skógræktar	9
Landssamtök skógareigenda.....	10
Skógræktarfélag Íslands	10
Landbúnaðarháskóli Íslands	10
Landgræðsla ríkisins	11
Aðrar stofnanir og samtök sem tengjast skógrækt	11
III. Fjárframlög ríkisins til skógræktarverkefna	12
3. Nýtt skipulag skógræktarmála	13
I. Helstu skógræktarverkefni ríkisins	14
II. Eðli og verkefni nýrrar stofnunar	15
II. Sviðsmyndir við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna	17
Sviðsmynd 1.....	17
Sviðsmynd 2	17
III. Skipulag og verkefni landssvæða.....	18
Þjónusta og framkvæmdir	19
IV. Skipulag og verkefni fagsviða	20
V. Fjármögnun.....	21
IV. Ávinningur og áskoranir við að samþætta skógrækt á vegum ríkisins undir eina stofnun	21
Ávinningur	21
Áskoranir	22
4. Hagaðilar skógræktar á Íslandi.....	23
I. Hlutverk helstu aðila.....	23

Skógareigendur og aðrir atvinnurekendur	23
Félagasamtök (sjálfboðaliðar).....	23
II. Aðrir hagaðilar.....	24
III. Samráðsfundur	24
IV. Samráð og samstarf til framtíðar	25
5. Undirbúningur breytinga	26
I. Helstu álitæfni starfshópsins.....	26
II. Áskoranir við að innleiða nýtt skipulag skógræktarmála.....	26
III. Starfsmannabreytingar	28
IV. Kynning á tillögum að nýju skipulagi	29
V. Ný skógræktarlög.....	29
VI. Ráðning forstöðumanns/skógræktarstjóra.....	30
VII. Kostnaður vegna sameiningar.....	30
6. Lokaorð.....	30
Viðauki 1 – Lagaumgjörð skógræktar á Íslandi.....	31
Viðauki 2 – Landshlutaverkefnin	32
Viðauki 3 – Starfsmannafjöldi í skógrækt.....	34
Viðauki 4 – Verkefni Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna	35
Viðauki 5 – Hagaðilagreining	39
Viðauki 6 – Þátttakendur á samráðsfundi 1. september 2015.....	40
Viðauki 7 – Samantekt frá samráðsfundi 1. september 2015	42

Samantekt

Í júní 2015 tók til starfa starfshópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sem falið var að hefja vinnu við skoðun á sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun, þ.e. Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt; Vesturlandsskóga, Skjólsskóga á Vestfjörðum, Norðurlandsskóga, Héraðs- og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga, auk umsjónar með Hekluskögum.

Haldnir voru sex fundir í starfshópnum og einn samráðsfundur með helstu hagaðilum. Fulltrúum Landsamtaka skógareigenda var boðið á tvo fundi og fundað var sérstaklega með fulltrúa Skógræktarfélags Íslands.

Starfshópurinn er sammála um að sameining landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins í eina stofnun sé æskileg og skapi tækifæri fyrir frampróun og eflingu skógræktar í landinu. Það er álit hópsins að hentugast sé að starfsemi landshlutaverkefnanna verði sameinuð í eina einingu innan stofnunarinnar, þar sem einn yfirmaður stýri einingunni og stoðsvið stofnunarinnar s.s. fjármálasvið og kynningarsvið taki við tilteknum verkefnum. Einstakir starfsmenn stofnunarinnar geta unnið fyrir fleiri en eitt svið og/eða að fjölbreyttum verkefnum innan stofnunar. Gert er ráð fyrir að starfsstöðvar haldist óbreyttar frá því sem nú er.

Starfshópurinn skoðaði tvær mögulegar leiðir eða sviðsmyndir um hvernig æskilegt væri að standa að breytingunum:

1. Skógræktarstarfið yrði sameinað í stofnun sem starfi undir nafni og kennitölu Skógræktar ríkisins. Stjórnir landshlutaverkefnanna og störf framkvæmdastjóra yrðu lögð niður og verkefni sameinuð Skógrækt ríkisins. Ráðið yrði í starf yfirmanns landshlutaverkefnanna og ný störf sem kæmu í stað starfa framkvæmdastjóra hvers landshlutaverkefnis.
2. Skógræktarstarfið yrði sameinað í nýja stofnun. Öllum núverandi starfsmönnum yrði boðið starf hjá nýrri stofnun en störf gætu tekið breytingum.

Það er álit meirihluta starfshópsins að meiri ávinningur felist í leið 2 þannig að skógræktarstarf á vegum ríkisins verði sameinað í nýrri stofnun og allt starfið verði endurskoðað með virkri þátttöku starfsmanna og helstu hagaðila.

Að öðru leyti leggur starfshópurinn áherslu á að:

- sameining verði eins fljótt og mögulegt er til að takmarka óvissu.
- nauðsynlegar lagabreytingar vegna heildarendurskoðunar skógræktarlaga og sameiningar skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun verði unnar hratt.
- ný stofnun vinni að langtíma stefnumótun með vinnslu landsáætlana og landshlutaáætlana í skógrækt.
- forstöðumaður nýrrar stofnunar stýri innri stefnumótun og mótun nýs skipurits nýrrar stofnunar.
- fagráð í skógrækt verði samráðsvettvangur um skógrækt á landsvísu og forstöðumanni til ráðgjafar.
- í umgjörð stofnunarinnar verði tryggt samráð innan landshluta við félagslegan vettvang skógareigenda.
- í hverjum landshluta verði ljóst hvert viðskipavinir geta leitað eftir þjónustu.

- Þrátt fyrir sameiningu er ákveðinn innri aðskilnaður mikilvægur í störfum nýrrar stofnunar þannig að .
 - stjórnsluverkefni verði vel aðgreind frá öðrum verkefnum í skipuriti stofnunar.
 - rekstur þjóðskóga verði aðskilinn frá öðrum rekstri stofnunarinnar bæði bókhaldslega og í skipuriti.
 - stjórn rannsóknarstarfs hafi ákveðna fjarlægð og sjálfstæði frá öðrum verkefnum.
 - fjárveitingar til greiðslu kostnaðar vegna þátttöku í skógræktarverkefnum landshlutanna verði aðgreindar frá öðrum fjárframlögum í fjárveitingum til nýrrar stofnunar.

Hópurinn hefur unnið út frá því, að helsta markmið með starfseminni verði uppbygging, vernd og viðhald skógarauðlindarinnar, í mismunandi tilgangi í samræmi við áherslur í landsáætlun í skógrækt.

Þá tryggi stofnunin samfélaginu aðgengi að skógum til heilsueflingar og vinni að endurheimt birkiskóga, almennum umhverfisgæðum og eflingu líffræðilegs fjölbreytileika. Þá felast tækifæri í því að stofnunin vinni að markmiðum Íslands í loftslagsmálum.

Síðast en ekki síst þarf stofnunin að vera í stakk búin að takast á við og leiða þær breytingar sem fylgja frekari nýtingu þeirrar skógarauðlindar sem verið er að byggja upp. Liður í því er að stofnunin miðli upplýsingum út í samfélagið um ávinning og tækifæri sem felast í nýtingu skógarauðlindarinnar og uppbyggingu hennar. Á sama tíma er mikilvægt að stofnunin stuðli að því að skógrækt verði sinnt af fleiri aðilum en ríkinu eftir því sem við á, á það bæði við um fjárfestingu og verðmætasköpun.

1. Inngangur

Í júní 2015 ákvað umhverfis- og auðlindaráðherra að hefja vinnu við skoðun á sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun, þ.e. Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt; Vesturlandsskóga, Skjólsskóga á Vestfjörðum, Norðurlandsskóga, Héraðs- og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga, auk umsjónar með Hekluskögum.

Talið var mikilvægt að samhæfa starf ráðuneytisins á sviði skógræktar m.a. með það markmið að leiðarljósi að gera stjórnslu skógræktarmála skilvirkari og samræmdari. Einnig auka faglega getu og yfirsýn og styrkja byggð, m.a. með því að styrkja starfsstöðvar í héraði. Ráðuneytið taldi að ávinningur þess að færa yfirlýðningu skógræktar á vegum ríkisins í eina stofnun gæti verið margþættur og vildi því taka það til frekari skoðunar.

Gert var ráð fyrir því í upphafi að stofnun á sviði skógræktar hefði höfuðstöðvar á Fljótssdalshéraði og ræki a.m.k. fimm starfsstöðvar, þ.e. á Suðurlandi, Mógilsá, Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi og á Austurlandi. Þannig yrðu sameinaðar starfsstöðvar Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna í landshlutunum.

Skipaður var starfshópur til að vinna að greiningu á þeirri samlegð sem væri fólgin í sameiningu skógræktarstarfs ríkisins og skrifa greinargerð um ávinning og þær áskoranir sem felast í því að sameina skógræktarstarf á Íslandi. Hópurinn hafði náið samráð við Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands.

Starfshópur verkefnisins

Starfshópur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins vann að þessari greinargerð en í starfshópnum sátu eftirfarandi aðilar:

Líneik Anna Sævarsdóttir, alþingismaður, formaður
Vilhjálmur Árnason, alþingismaður
Jón Geir Pétursson, skrifstofustjóri í umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Björn Helgi Barkarson, sérfræðingur í umhverfis- og auðlindaráðuneyti
Jón Loftsson, skógræktarstjóri frá Skógrækt ríkisins
Björn Jónsson, framkvæmdastjóri Suðurlandsskóga, fulltrúi landshlutaverkefna í skógrækt

Guðný Lára Ingadóttir, ritari ráðuneytisstjóra starfaði með starfshópnum ásamt fleiri riturum ráðuneytisins. Guðrún Ragnarsdóttir, frá Strategíu var faglegur ráðgjafi starfshópsins.

Verkátun og framvinda verkefnisins

Fyrsti fundur starfshópsins var haldinn 11. júní 2015 en alls voru haldnir sex fundir í starfshópnum. Á annan og þriðja fund starfshópsins mættu fulltrúar frá Landssambandi skógareigenda. Einnig átti formaður starfshópsins og ráðgjafi fund með framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands. Loks var haldinn samráðsfundur með helstu hagaðilum 1. september 2015 en þar mættu 44 fulltrúar 16 ólíkra hagaðila.

Verkátlan gerði upphaflega ráð fyrir verklokum 25. ágúst 2015, en starfshópurinn skilaði greinargerð til umhverfis- og auðlindaráðherra 24. september 2015.

2. Greining á núverandi stöðu

Segja má að skógrækt á Íslandi sé á ákveðnum tímamótum. Síðustu 100 ár hefur áherslan verið á uppbyggingu skóga og að auka útbreiðslu þeirra en á síðustu árum hafa skapast tækifæri við nýtingu skóganna. Þeim fjölgar stöðugt sem hafa áhuga á því að taka þátt í skógrækt sem atvinnugrein. Þegar litið er þeirra afurða sem skógar landsins eru þegar farnir að gefa beint og óbeint, er ljóst að margt mun breytast á næstu áratugum, bæði hjá ríkinu og skógareigendum.

I. Breytingar í farvatninu

Unnið er að heildarendurskoðun skógræktarlaga, en núgildandi lög um skógrækt eru frá árinu 1955¹. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess hvort þau lög munu einnig ná til landshlutaverkefnanna eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 95/2006². Í júní 2012 skilaði nefnd skipuð af þáverandi umhverfisráðherra af sér greinargerð um inntak nýrra skógræktarlaga³. Í greinargerðinni er m.a. fjallað stuttlega um stöðu skóga og skógræktar á Íslandi, raktar þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Ísland hefur tekið sér á hendur í þessum málaflokki og settar fram tillögur um efnisþætti nýrra skógræktarlaga. Þær tillögur fjalla m.a. um stjórn skógræktarmála og áætlanagerð. Þá er fjallað um ýmsa þætti er varða umsjón með skógarauðlindum landsins, gerðar eru tillögur um vernd og friðun skóga, svo og hvernig staðið skuli að ræktun nýrra skóga og sjálfbærri nýtingu þeirra. Loks eru gerðar tillögur að breytingum á öðrum lögum og reglum sem snerta þennan málaflokk. Eins og fram kemur á vef umhverfisumhverfis- og auðlindaráðuneytisins er gert ráð fyrir að við gerð frumvarps til laga um skógrækt verði m.a. byggt á þessari greinargerð. Stefnt er að því að leggja fram frumvarp til laga um skógrækt á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Stefnumörkun um skóga og skógrækt á Íslandi er að finna á ýmsum stöðum; í lögum og reglugerðum, áætlunum og alþjóðasamningum. Haustið 2013 skilaði starfshópur á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins tillögum sínum varðandi stefnumörkun í skógrækt. Í greinargerðinni, Skógar á Íslandi; stefna á 21. öld, er fjallað um ýmsa þætti skógræktar og hvernig skógræktaraðilar hyggjast móta og skipuleggja starf sitt. Þar á meðal eru markmið um uppbyggingu skógarauðlindar, endurheimt náttúruskóga, bættu lýðheilsu og útivist og loftslagsmál svo nokkur mikilvæg atriði séu nefnd. Jafnframt eru þar tillögur um gerð heildstæðrar landsáætlunar í skógrækt, sem framtíðarstjórn tækis til að vinna að framgangi stefnumörkunarinnar⁴.

Haustið 2010 var unnin skýrsla af nefnd á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins um mörkun langtímastefnu íslenskrar nytjaskógræktar í samræmi við lög um landshlutaverkefni í skógrækt. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur um skipulag og rekstur, uppbyggingu atvinnulífs og byggðapróun, viðbrögð við loftslagsvanda, hagvarnir, rannsóknir, afurðir úr skógum,

¹ Sjá viðauka 1.

² Sjá viðauka 1.

³ Sjá nánar <http://www.umhverfisraduneyti.is/media/skograektarskyrsla-2012/skograektargreinargerð-lokaskyrsla-juni-2012.pdf>

⁴ Sjá nánar http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Skogstefna-jan-2013.pdf

náttúruverndarsjónarmið, landnotkun og fræðslu og menntun. Enn fremur voru nefndarmenn „sammála um að mæla með því að langtímaáætlun og þingsályktun um landshlutaáætlun í skógrækt skulu ná til 40 ára og endurskoðuð á 5 ára fresti. Á sama hátt skulu landshlutaáætlanir verða gerðar til 10 ára og endurskoðaðar á 5 ára fresti“. Þessar hugmyndir rýma ágætlega við niðurstöður starfshópsins um stefnumörkun í skógrækt enda var ákveðið samráð á milli þessara nefnda og að hluta til sömu aðilar sem sátu í báðum nefndum.

Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar frá 2013 er skógrækt nefnd á tveimur stöðum:

- „Unnið verður að því að styrkja þá ímynd [Íslands í umhverfismálum og sjálfbærri auðlindanýtingu] og grundvöll hennar, að vernda íslenska náttúru og efla landgræðslu og skógrækt þar sem það á við.“
- „Brýnt er að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda, bæði með því að draga úr beinni losun af mannavöldum og með því að stórauка landgræðslu, skógrækt og aðra eflingu gróðurlenda. „

Árið 2014 var samþykkt á Alþingi nánast samhljóða, þingsályktun nr. 39/143 um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar og sameiningu stjórnsýslueininga á sviði skógræktar og landgræðslu. Þar kemur fram að:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg með því að:

- a. stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt,
- b. færa Skógrækt ríkisins, Landgræðslu ríkisins og landshlutaverkefni í skógrækt í eina stjórnsýslueiningu,
- c. semja frumvarp að nýjum samræmdum lögum um skógrækt og landgræðslu,
- d. móta starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára til eflingar skógrækt með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða.“

Vinna starfshópsins byggir á því sem að framan er rakið og erindisbréf hópsins gefur til kynna að umhverfisumhverfis- og auðlindaráðherra líti á sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun sem fyrsta skref í vinnu samkvæmt þingsályktuninni.

II. Núverandi skipulag

Í dag er skógrækt á Íslandi sinnt af mörgum aðilum allt frá opinberum stofnunum til einstakra áhugamanna um skógrækt. Skógrækt var lengst málaflokkur í landbúnaðarráðuneytinu og síðan sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Árið 2008 var Skógrækt ríkisins flutt yfir í umhverfisráðuneytið og síðan landshlutaverkefni árið 2012. Hluti fjármagns sem rennur til rannsókna í skógrækt er enn ráðstafað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, áður landbúnaðarráðuneytinu.

Hér á eftir verður fjallað um helstu skipulagseiningar sem tengjast skógrækt í dag og hlutverk þeirra.

Skógrækt ríkisins

Skógrækt ríkisins hefur starfað frá árinu 1908 og hefur aðalskrifstofa stofnunarinnar verið staðsett á Egilsstöðum frá árinu 1990. Hjá stofnuninni starfa 52 starfsmenn á tíu starfsstöðvum: Norðurland (Akureyri og Vagfir), Austurland (Egilsstaðir og Hallormsstaður), Reykjavík (Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá), Suðurland (Haukadalur, Þjórsárdalur, Tumastaðir og Gunnarsholt) og Vesturland (Hvammur).

Samkvæmt lögum nr. 3/1955 skal Skógrækt ríkisins rekin með því markmiði:

- 1) að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
- 2) að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
- 3) að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggræðslu lýtur.

Árið 2002 var unnið að stefnumótun stofnunarinnar þar sem tilgangur hennar er skilgreindur: „Skógrækt ríkisins (SR) er þekkingar-, þróunar- og þjónustuaðili sem vinnur með og fyrir stjórnvöld, almenning og aðra hagsmunaaðila að rannsóknum, ráðgjöf og þekkingarmiðlun á sviði skógræktar. Þá er stofnunin í forsvari fyrir Íslands hönd í erlendu samstarfi á sviði skógræktar. Skógrækt er þáttur í mótun búsetuskilyrða á Íslandi og hefur mikil áhrif á sviði umhverfismála og auðlindasköpunar í landinu. SR leitast við að auka og beita til fullnustu þekkingu og reynslu starfsmanna stofnunarinnar í þágu skógræktar á Íslandi. SR hefur frumkvæði að og tekur þátt í innlendu og erlendu samstarfi á fagsviðum sínum.“

Skógræktarstjóri stýrir stofnuninni og starfsemin skiptist í þrjú svið: rannsóknasvið, þjóðskóga og fjármálasvið, auk þess sem samskipti og kynning er skilgreint sem sjálfstætt verkefni. Starfsemin er byggð á skilgreindum verkefnum til lengri og skemmri tíma í anda verkefnastjórnunar. Verkefni geta tilheyrt einu sviði/rekstrareiningu eða þeim öllum og allt þar á milli. Þau verkefni sem sinnt er hjá Skógrækt ríkisins í dag eru einkum umsjón með þjóðskógum, rannsóknir, vöktun og eftirlit, þátttaka í fræðslu, upplýsingamiðlun og alþjóðlegt samstarf.

Landshlutaverkefni í skógrækt



Mynd 1: Skipting landshlutaverkefnanna

Markmið landshlutaverkefnanna í skógrækt eins og þau eru skilgreind í lögum nr. 95/2006 er ræktun fjölnytjaskóga og skjólbeltarækt, auk þess að treysta byggð og efla atvinnulíf. Lögin kveða einnig á um að í hverju landshlutaverkefni skuli stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

Landshlutaverkefnin eru fimm talsins. Þau starfa sjálfstætt og mótast þróun hvers verkefnis af aðstæðum, hvenær til verkefnanna var stofnað og áherslum í hverjum landshluta. Engu að síður hafa þau góða samvinnu sín á milli, auk þess að vinna með samtökum skógareigenda, skógræktarfélögum landsins og Skógrækt ríkisins.

Landshlutaverkefnin eru Héraðs- og Austurlandskógar, Norðurlandsskógar, Skjólaskógar á Vestfjörðum, Vesturlandskógar og Suðurlandskógar⁵ og eru hvert og eitt með eigin stjórn sem umhverfis- og auðlindaráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn stjórnarmanna er tilnefndur af félagi skógarbænda á viðkomandi svæði, annar af Skógrækt ríkisins og sá þriðji er skipaður af ráðherra án tilnefningar. Umhverfis- og auðlindaráðherra setur stjórnnum landshlutaverkefnanna starfsreglur, sem er hluti af reglugerð um landshlutaverkefnin. Stjórn hvers verkefnis ræður framkvæmdastjóra sem annast daglegan rekstur. Starfsmenn verkefnanna eru tæplega tuttugu, flestir fagmenntaðir á sviði skógræktar.

Eins og fyrr segir er góð samvinna á milli landshlutaverkefnanna, en þar sem fjárhagurinn er aðskilinn snýr samstarf aðallega á faglegum þáttum. Verkefnin sem sinnt er hjá landshlutaverkefnum eru margþætt og snúast um gerð samninga um skógrækt við skógarbændur og að leiðbeina og aðstoða þá við áætlanir og verklegar framkvæmdir.

Hekluskógar

Hekluskógaverkefnið gengur út á að endurheimta birkiskóga og víðikjarr í nágrenni Heklu til að minnka líkur á vikurfoki í kjölfar gjóskugosa úr eldfjallinu og verja þar með lönd í nágrenni fjallsins gegn jarðvegseyðingu. Verkefnið hófst formlega árið 2007 eftir tveggja ára undirbúning og er starfrækt samkvæmt samningi við umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Í stjórn Hekluskóga sitja Landgræðslustjóri, Skógræktarstjóri og verkefnisstjóri Hekluskóga. Verkefnið hefur starfsmann (framkvæmdastjóra) í 25% starfshlutfalli samhliða því að starfa sem skógarvörður á Suðurlandi auk sumarstarfsmanns. Þá starfar samráðsnefnd á vegum verkefnisins sem í situr fulltrúi Skógræktarfélags Rangæinga, fulltrúi Landgræðslu ríkisins, fulltrúi landeigenda á Hekluskógasvæðinu, fulltrúi Suðurlandskóga, fulltrúi Skógræktarfélags Árnesinga, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands og fulltrúi Skógræktar ríkisins.

Fagráð skógræktar

Fagráð skógræktar var skipað 28. október 2013 til þriggja ára. Fagráðinu er ætlað að fjalla um áherslur og stefnumörkun í skógræktarrannsóknum, fara yfir og samþykkja verkefnaáætlun Rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá til hvers árs, samræmingu skógræktarstarfsins, skipulag fræðflunar, stefnumörkun hvað varðar úrvinnslu skógarafurða og önnur mál sem ráðherra kann að fela fagráðinu. Í fagráðinu situr fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, sem er formaður, auk fulltrúa frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, Skógræktarfélagi Íslands, Landsamtökum skógareigenda, landshlutaverkefnum í skógrækt ásamt skógræktarstjóra og sviðsstjóra rannsókna og þjóðskóga hjá Skógrækt ríkisins.

⁵ Nánar upplýsingar um landshlutaverkefnin er að finna í viðauka 2.

Landssamtök skógareigenda

Landssamtök skógareigenda eru landssamtök félaga skógarbænda og eru þau ein af búgreinasamtökunum innan Bændasamtaka Íslands. Samtökin voru stofnuð árið 1997 en tilgangur þeirra er að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta og að vera samtök og málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum. Samkvæmt lögum samtakanna er tilgangur þeirra eftirfarandi:

- 1) Að sameina alla skógarbændur landsins í ein búgreinasamtök.
- 2) Að bæta aðstöðu skógræktar sem atvinnugreinar í sem víðustum skilningi, bændastéttinni til hagsbóta.
- 3) Að vera samtök og málsvari þeirra sem stunda skógrækt á bújörðum.
- 4) Að annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við opinbera aðila eða aðra þá sem þess óska. Einnig við hliðstæð samtök erlendis.
- 5) Að hvetja til rannsókna og fræðslu atvinnugreininni til hagsbóta.
- 6) Að leita leiða til að koma afurðum skógarins í verð.

Fimm félög skógarbænda eru aðilar að Landssamtökum skógareigenda: Félag skógarbænda á Norðurlandi, Félag skógarbænda á Austurlandi, Félag skógareigenda á Suðurlandi, Félag skógarbænda á Vesturlandi og Félag skógarbænda á Vestfjörðum.

Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Íslands er landssamband skógræktarfélaganna í landinu, stofnað á Alþingishátíðinni á Þingvöllum árið 1930.

Skógræktarfélag Íslands er málsvari skógræktarfélaganna, en þau eru um 60 talsins, gætir hagsmuna þeirra og kemur fram fyrir þeirra hönd þegar þörf krefur. Markmið félagsins er að vinna að framgangi skóg- og trjáræktar í landinu og stuðla að hvers konar umhverfisbótum.

Útgáfa og fræðsla skipa stóran sess í starfsemi félagsins, en einnig kemur félagið að eða annast margvísleg skógræktarverkefni og leiðbeinir aðildarfélögum, fyrirtækjum og almenningi eftir mætti um hinar ýmsu hliðar skógræktar.

Verkefnið Landgræðsluskógar er fjármagnað beint af fjárlögum skv. sérstökum samningi milli ríkisins og Skógræktarfélags Íslands, sem sér um framkvæmdir. Samstarfsaðilar skógræktarfélaganna í Landgræðsluskógum eru Landgræðsla ríkisins, Skógrækt ríkisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Markmið þess er að vinna að endurheimt landgæða með ræktun og gróðursetningu í rýrt og ógróið land. Jafnframt er markmið þess að fylgja eftir framkvæmdaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum og framkvæmd stefnumörkunar stjórnvalda í skógrækt.

Landbúnaðarháskóli Íslands

Landbúnaðarháskólinn sinnir mikilvægu hlutverki í að byggja upp þekkingu á sviði skógræktar. Skólinn býður upp á starfsmenntanám í skógtækni „skógur/náttúra“. Eins geta nemendur í öðru starfsmenntanámi tekið einstaka áfanga um skógrækt og þá býður skólinn háskólanám, BS í skógræði og landgræðslu, og símenntun á sviði skógræktar. Mikið og náið samstarf er á milli Skógræktar ríkisins, einkum rannsóknastöðvarinnar á Mógilsá, og Landbúnaðarháskólans varðandi

rannsóknir og kennslu. Einnig er náið samstarf milli landshlutaverkefnanna, Landssamtaka skógareigenda, Skógræktar ríkisins og fleiri aðila varðandi starfsmenntanámið og skipulag símenntunar fyrir skógarbændur.

Landgræðsla ríkisins

Landgræðsla ríkisins vinnur samkvæmt lögum um landgræðslu frá árinu 1965 að stöðvun jarðvegs- og gróðureyðingar, gróðureftirliti og gróðurvernd. Enn fremur að fræðslu, leiðbeiningum, rannsóknum og þróunarstarfi á þessu sviði. Sandgræðsla var upphaflega verkefni sem heyrði undir embætti skógræktarstjóra og því rekur Landgræðsla ríkisins uppruna sinn til sömu laga og Skógrækt ríkisins, þ.e. laga um skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands frá 1907.


Ýmsir samstarfsfletir eru milli Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins auk formlegra samstarfsverkefna eins og Hekluskóga. Í mörgum tilfellum sinna sömu bændur landgræðslu og skógrækt. Snertifletir eru í verkefnum þessara stofnana, m.a. hvað varðar lagalegt hlutverk Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins í gróður- og jarðvegsvernd og varðandi samskipti við landeigendur og ráðgjöf um skipulag landnýtingar.

Aðrar stofnanir og samtök sem tengjast skógrækt

Ýmsar aðrar stofnanir og samtök tengjast skógrækt og hafa mismunandi hagsmuna að gæta. Þegar skipulag skógræktarmála er endurskoðað er mikilvægt að átta sig á því hverjir þessir hagaðilar eru og hvaða væntingar þeir hafa. Sérstaklega er fjallað um hagaðila skógræktar í 4. kafla.


III. Fjárframlög ríkisins til skógræktarverkefna

Fjárframlög ríkisins til skógræktarverkefna hafa minnkað verulega frá hruni. Framlag til landshlutaverkefnanna hefur lækkað um 50% frá árinu 2006 og framlag til Skógræktar ríkisins hefur lækkað um 37% á sama tímabili eins og sést á mynd 2.




Mynd 2: Fjárframlag til verkefna á sviði skógræktar árin 2006-2015

Á sama tíma og þessi þróun hefur átt sér stað hafa styrkir, framlög og vörusala aukist verulega hjá Skógrækt ríkisins. Árið 2008 voru styrkir og framlög tæpar 63 milljónir en árið 2014 voru styrkir og framlög rúmar 230 milljónir, á verðlagi hvers árs. Vörusala hefur einnig aukist til muna eða úr rúmunum 83 milljónum árið 2008 í rúmar 183 milljónir árið 2014, á verðlagi hvers árs.



Mynd 3: Hlutfallsleg skipting fjármögnunar Skógræktar ríkisins 2008 og 2014

Eins og kemur fram á mynd 4 hafa fjárveitingar til landshlutaverkefna dregist saman um 50% á verðlagi 2015 og gildir það sama um öll landshlutaverkefni.



Mynd 4: Fjárframlag til landshlutaverkefna árin 2006-2015

Þegar rýndir eru ársreikningar verkefnanna kemur í ljós að á síðustu árum hefur hlutfall rekstrarkostnaðar af heildarfjárveitingu aukist og um leið hefur hlutfall fjárveitinga sem úthlutað er til skógareigenda minnkað. Til að bregðast við þessum samdrætti hafa landshlutaverkefni orðið að fækka fólki en um leið hefur krafan verið sú að halda uppi sama þjónustustigi. Það er því ljóst að leita verður nýrra leiða til að mæta þeirri kröfu.

3. Nýtt skipulag skógræktarmála

Áður en afstaða er tekin til skipulags við sameiningu skógræktarstarf ríkisins er mikilvægt að horfa til þeirra markmiða sem skilgreind eru í núverandi lagaumgjörð:

Samkvæmt lögum nr. 3/1955 skal Skógrækt ríkisins rekin með því markmiði:

- 1) að vernda, friða og rækta skóga og skógarleifar, sem eru í landinu;
- 2) að græða upp nýja skóga, þar sem henta þykir;
- 3) að leiðbeina um meðferð skóga og kjarrs og annað það, sem að skógrækt og skóggæðslu lýtur.

Í lögum um landshlutaverkefni nr. 95/2006 hefur eftirfarandi markmið verið skilgreint: Í hverju landshlutaverkefni skal stefnt að ræktun skóga á að minnsta kosti 5% af flatarmáli láglandis neðan 400 m yfir sjávarmáli.

Eins og rakið er í 2. kafla liggur ekki fyrir heildstæð áætlun um skógrækt en fyrir liggur þingsályktun um eflingu skógræktar auk þess sem unnið er að lagabreytingum um skógrækt á Íslandi. Þar er unnið út frá því að mótuð sé landsáætlun í skógrækt til lengri tíma litið og endurskoðuð reglulega, ásamt framkvæmdáætlun til næstu fimm ára. Það sama á við um hvern landshluta sbr. reglugerð um

landshlutaverkefni í skógrækt nr. 285/2015. Þar sem ekki er kveðið á um gerð landsáætlunar í skógrækt í núverandi lögum hefur ekki orðið af gerð hennar.

Mikilvægt er að með nýju skipulagi skógræktarmála verði unnið að áframhaldandi uppbyggingu skógræktar í samræmi við vilja Alþingis og ríkisstjórnar, þar sem áherslan verður áfram á þau grunnmarkmið sem skilgreind eru í lögnum frá 1955. Enn fremur þarf að gera ráð fyrir því að ný atvinnutækifæri skapist í einkageiranum með stækkandi skógarauðlind t.d. á sviði vottunar, úrvinnslu, áætlunargerðar og viðarmiðlunar. Það verður þó hægfara þróun og verður það hlutverk ríkisstofnunar á sviði skógræktar að stuðla að farsælli framvindu.

I. Helstu skógræktarverkefni ríkisins

Farið var í greiningu á helstu verkefnum Skógræktar ríkisins, landshlutaverkefnanna og skógarbænda. Sú yfirferð leiddi í ljós að mjög mörgum verkefnum er verið að sinna af fleirum en einum aðila en með ólíkum hætti. Mikilvægt er að við undirbúning nýrrar stofnunar verði kafað dýpra ofan í einstök verkefni til að átta sig á samlegðinni annars og sérstöðunni hins vegar. Þetta á sérstaklega við um Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnin.

Í viðauka 4 eru helstu verkefni Skógræktar ríkisins, landshlutaverkefnanna og skógarbænda listuð upp og leitast við að greina hver sinni hverju. Verkefnunum hefur verið skipt upp í stjórnsýsluverkefni, framkvæmdaverkefni, þjónustu og ráðgjöf, rannsóknir og þróun, fræðslu og upplýsingamiðun, fjármál og loks önnur verkefni. Einnig eru tilgreind nokkur verkefni sem eru sértæk skógarbændum. Umræddur listi er ekki tæmandi en ætti að gefa gott yfirlit um þau verkefni sem þarf að huga að við undirbúning nýrrar stofnunar.

Í þessu samhengi er gott að rifja upp hverjir eru helstu viðskiptavinir þeirra opinberu stofnana sem vinna að skógrækt:

- Skógarbændur⁶.
- Almennigur þ.m.t. leik- og grunnskólar og sumarbústaðaeigendur
- Skógræktarfélag.
- Háskólasamfélagið; rannsóknir, nýting, fræðsla, umhverfismál o.fl.
- Atvinnulífið; ferðaþjónustan, úrvinnsla.
- Sveitarfélög; skipulag, landnýting, atvinnuuppbygging.
- Aðrar opinberar stofnanir og ráðuneyti.

Sú þekking sem þarf að vera til staðar til að sinna fjölbreyttum skógræktarverkefnum og þjónusta þá viðskiptavini sem um er að ræða er margþætt. Þörf er á breiðum hópi skógfræðimenntaðs fólks, ásamt fólki með fagþekkingu í endurheimt vistkerfa.

Skipulagsheild sem nær að sinna þeim verkefnum sem tilgreind eru í 4. viðauka getur tekið á sig ýmsar myndir. Ólíkar leiðir hafa sína styrkleika og veikleika, en þegar hlustað er á helstu hagsmunaaðila skógræktarinnar eru skilaboðin skýr. „Mikilvægt að sameinað sé undir **nýrri stofnun** með skýr framtíðarmarkmið, sem ná að minnsta kosti til næstu 20 ára.“

⁶ Þ.m.t. eigendur og ábúendur lögbýla.

Með þetta að leiðarljósi sammæltist starfshópurinn að stilla upp tveimur sviðsmyndum sem nánar er fjallað um hér á eftir.

II. Eðli og verkefni nýrrar stofnunar

Ný stofnun mun gegna mikilvægu hlutverki í heildarstefnumörkun og framkvæmdum á sviði skógræktar á Íslandi. Eins og fjallað er um hér að framan er unnið að lagabreytingu þar sem lagt er til að unnin verði heilsteypt langtíma landsáætlun í skógrækt. Í dag er ákvæði í lögum um landshlutaverkefnin um að unnar skuli landshlutaáætlanir í skógrækt til 40 ára. Starfshópurinn tekur undir mikilvægi slíkra áætlana og vekur athygli á að þær samræmist þingsályktuninni frá 2014. Gera má ráð fyrir því að eitt af fyrstu verkefnum nýrrar stofnunar verði að hrinda af stað gerð landsáætlunar í skógrækt. Í rammanum hér að neðan er gerð grein fyrir hugsanlegu verkferli við gerð slíkra áætlana.

Stefnumörkun – verkferli

1. Landsáætlun í skógrækt til lengri tíma litið
 - Helstu hagsmunaaðilar þ.m.t. Landssamtök skógareigenda, Skógræktarfélag Íslands, sveitarfélög og aðrar stofnanir koma að þessari stefnumörkun ásamt lykilstjórnendum nýrrar stofnunar
 - Fagráð skógræktar gegnir lykilhlutverki og skapar tengsl við ráðuneytið
 - Horft til þróunar skógræktar til skemmri og lengri tíma
 - Unnið stöðugt en ný áætlun verður til á fimm ára fresti
 - Lokaafurð framkvæmdaætlun til næstu fimm ára og uppfærð langtímaáætlun
 - Samþykkt á Alþingi sem þingsályktun
2. Landshlutaáætlun í skógrækt til [40 ára]
 - Helstu hagsmunaaðilar á viðkomandi svæði, skógarbændafélög (Landssamtök skógareigenda) og sveitarfélög á viðkomandi svæði koma að þessari stefnumörkun ásamt lykilstjórnendum nýrrar stofnunar
 - Lagt mat á árangur þess sem gert hefur verið og horft til þróunar skógræktar á viðkomandi svæði til skemmri og lengri tíma
 - Unnið á fimm ára fresti
 - Lokaafurð framkvæmdaáætlun til næstu fimm ára
3. Árlegir samráðsfundir með helstu hagsmunaaðilum þar sem rýnt er hvað hefur áunnist og hvað er framundan næstu árin.

Mikilvægt er að stjórnendur nýrrar stofnunar ráðist í innri stefnumörkun samhliða vinnu við landsáætlun í skógrækt. Skipurit nýrrar stofnunar yrði til í vinnu að innri stefnumörkun. Miklar væntingar eru til þess af hálfu hagsmunaaðila að við samþættingu verkefna Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna verði til ný stofnun sem verði í betur í stakk búin til að takast á við þær áskoranir sem þeir sem rækta skóg á Íslandi standa frammi fyrir í dag og sjá fyrir sér á næstu árum.

Núverandi samráðsvettvangur, fagráð skógræktar, hefur gefist vel og þó upphaflega hafi því einkum verið ætlað að vera samráðsvettvangur um rannsóknir hefur hlutverk þess verið víkkað út til fleiri verkefna. Starfshópurinn telur að fagráð í skógrækt geti verið gagnlegur ráðgefandi

samráðsvettvangur við forstöðumann nýrrar stofnunar og gæti jafnframt gegnt mikilvægu hlutverki við mótun landsáætlana í skógrækt.

Nauðsynlegt er að hjá nýrri stofnun verði sérstök starfseining þar sem unnið verði að þeim stjórnsýsluverkefnum sem tilgreind eru í viðauka 4 og væri landsáætlun lykilverkefni þeirrar einingar. Meginástæðan fyrir því að halda þessum verkefnum aðgreindum er að tryggja aðskilnað stjórnsýsluákvörðana og framkvæmd þeirra verkefna sem byggja á niðurstöðu stjórnsýsluákvörðunarinnar. Sem dæmi má nefna ákvörðun um að fella skóg sem síðan yrði framkvæmd af öðrum starfsmönnum nýrrar stofnunar. Á sama hátt er æskilegt að ekki verði sömu aðilar sem sinna úttektum á ræktun einkaaðila vegna afgreiðslu fjárframlaga og veita ráðgjöf til þeirra. Þessu er hægt að ná fram t.d. með því starfsmaður sem veitir ráðgjöf á einu landssvæði tekur út ræktunina á öðru svæði. Þar sem oft getur reynst erfitt að útfæra þetta þar sem starfsstöðvar eru dreifðar um landið, væri hægt að þróa innra- eða gæðaeftirlit stofnunarinnar á þann veg að fram fari reglulegar úttektir á gæðum ræktunar.

Það þarf að vera skýrt hverjir veita umsögn um nýja samninga og hvar endanleg ákvörðun er tekin. Í dag er stjórn yfir hverju landshlutaverkefni, sem m.a. hefur tryggt ákveðið samráð í landshlutanum. Mikilvægt er að koma á skilgreindu samráði á milli nýrrar stofnunar og félaga skógareigenda í viðkomandi landshluta. Æskilegt væri að samráðsfundir yrðu haldnir a.m.k. tvisvar sinnum á ári þar sem rædd væru sameiginleg málefni skógareigenda og nýrrar stofnunar.

Ferlið við afgreiðslu umsókna um þátttöku í skógræktarverkefni hjá landshlutaverkefnunum gæti áfram verið það sama en ákvörðunarvaldið færir frá stjórn ákveðins landshlutaverkefnis til nýrrar stofnunar. Skilgreina þarf hverjir munu veita umsögn til forstöðumannsins varðandi þær umsóknir sem berast, í samræmi við landshlutaáætlanir og aðrar reglur/viðmið.



Mynd 5: Ferlið við afgreiðslu umsókna um þátttöku í skógræktarverkefni

II. Sviðsmyndir við sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefnanna

Hér eru dregnar upp tvær sviðsmyndir við hugsanlega sameiningu Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna.

Sviðsmynd 1

Í þessari sviðsmynd er starfsemi landshlutaverkefnanna sameinuð Skógrækt ríkisins án þess að neinar aðrar breytingar verði gerðar á heildarskipulagi stofnunarinnar. Meginrökin á bak við þessa sviðsmynd eru þau að þetta sé tiltölulega einföld aðgerð þar sem verkefni landshlutaverkefna verða færð undir Skógrækt ríkisins. Við það yrði starfsmönnum landshlutaverkefnanna boðið starf hjá Skógrækt ríkisins en stjórnir einstakra landshlutaverkefna lagðar af og framkvæmdastjórum verkefnanna sagt upp, enda störf þeirra lögð niður í þeirri mynd sem þau eru í dag. Gert yrði ráð fyrir því að nýtt svið mundi bætast við núverandi skipurit Skógræktar ríkisins sem héldi utan um öll landshlutaverkefnin og því þyrfti að auglýsa starf þess sviðsstjóra. Enn fremur er gert ráð fyrir því að stærsti hluti núverandi fjárheimilda landshlutaverkefnanna yrði sérstakur undirliður hjá Skógrækt ríkisins í fjárlögum en nánar er fjallað um það síðar í þessum kafla.

Helstu kostir sviðsmyndar 1 eru:

- Tiltölulega einföld aðgerð sem hægt væri að ná fram strax um næstu áramót ef lagabreyting yrði gerð á haustþingi 2015.
- Möguleiki að samþætta þau verkefni sem eru sameiginleg hjá Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnum.
- Mögulegt að samnýta þekkingu, innkaup, tæki og tól, fræðslu, þróun o.fl. að einhverju leyti.
- Sveigjanleiki í starfsmannahaldi mögulegur að einhverju leyti.
- Mögulega aukin tækifæri til starfsþróunar.
- Aukin samlegð og hagræðing í rekstri.
- Óvissa starfsmanna Skógræktar ríkisins yrði lágmörkuð.

Helstu gallar sviðsmyndar 1 eru:

- Ótti manna við að fjárveitingar til landshlutaverkefnanna verði nýttar til núverandi verkefna Skógræktar ríkisins eykst til muna.
- Óvissa hjá starfsmönnum landshlutaverkefnanna sem skapar hættu á meiri tregðu frá þeim og því takmörkuðum vilja til breytinga.
- Tækifæri til að hrista upp í núverandi fyrirkomulagi og sammælast um nýja framtíðarsýn verður takmarkað þar sem staða flestra verður óbreytt frá núverandi skipulagi.
- Hætta er á að viðskiptavinir landshlutaverkefna verði óánægðir og vinni gegn þessum breytingum.
- Nærsamfélagið í hverjum landshluta getur farið að beita sér gegn þessari breytingu og gæti valdið því að hún yrði ekki að veruleika.

Sviðsmynd 2

Í þessari sviðsmynd er unnið út frá því að verið sé að setja á fót nýja stofnun þar sem skipulag hennar tekur frá upphafi mið af þeim verkefnum sem hún ber ábyrgð á og hverjum hún er að þjóna. Það er í

höndum nýs forstöðumanns að móta skipulag slíkrar stofnunar en til þess að hægt sé að átta sig betur á þessari sviðsmynd var ákveðið að teikna upp helstu fagsviðin og er fjallað um það í kafla IV hér á eftir.

Við stofnun nýrrar stofnunar þyrfti að taka afstöðu til þess hvernig yrði staðið að starfsmannabreytingum. Nánar er fjallað um þetta í kafla 5 en mikilvægt er að hafa í huga að gæta þarf jafnræðis þannig að allir starfsmenn hafi sömu möguleika varðandi starf hjá nýrri stofnun.

Helstu kostir sviðsmyndar 2 eru:

- Ný ásýnd á þau verkefni sem verið er að sinna á vegum ríkisins á sviði skógræktar.
- Tækifæri til að hugsa hlutina upp á nýtt þegar verkefni og skipulag er endurskoðað.
- Meiri möguleiki að samþætta þau verkefni sem eru sameiginleg hjá Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnum.
- Enn meiri möguleiki að samnýta þekkingu, innkaup, tæki og tól, fræðslu, þróun o.fl.
- Meiri sveigjanleiki í starfsmannahaldi þar sem ný stofnun er ekki bundin af eldra skipulagi.
- Aukin tækifæri til starfsþróunar fyrir alla starfsmenn nýrrar stofnunar.
- Fleiri hagræðingartækifæri þar sem allt skipulagið verður endurskoðað.

Helstu gallar sviðsmyndar 2 eru:

- Ótti manna við að fjárveitingar til landshlutaverkefna verði nýttar til núverandi verkefna Skógræktar ríkisins eykst til muna.
- Skapar óvissuástand fyrir alla starfsmenn og þar með meiri líkur á mótstöðu.
- Öllum starfsmönnum verður sagt upp sem getur valdið brottfalli og óánægju.
- Tekur lengri tíma að koma á breytingum þar sem breytingin er mun umfangsmeiri.
- Hætta er á að viðskiptavinir landshlutaverkefna verði óánægðir og vinni gegn þessum breytingum.
- Þjónusta stofnunar gæti liðið fyrir tímabundna óvissu.
- Nærsamfélagið í hverjum landshluta getur farið að beita sér gegn þessari breytingu og gæti valdið því að hún yrði ekki að veruleika.

Greiningin hér að ofan dregur fram mögulega kosti og galla hvorrar sviðsmyndar fyrir sig. Þessi greining byggir á þeim atriðum sem komið hafa fram í umræðunni hjá starfshópnum og á þeim forsendum er mikilvægt að huga að þeim þegar unnið verður að innleiðingu breytinga.

III. Skipulag og verkefni landssvæða


Óháð því hvor sviðsmyndin yrði fyrir valinu er ávinningur af þeirri samþættingu verkefna sem verður innan hvers landshluta. Gert er ráð fyrir að starfsstöðvar haldist að mestu óbreyttar frá því sem nú er og því má líta svo á að starfssvæðin verði sex (þó vinnustaðir verði fleiri) fyrir utan höfuðstöðvar á Egilsstöðum. Á myndinni hér fyrir neðan eru þessi starfssvæði teiknuð upp og áætlaður fjöldi starfsmanna á hverju svæði miðar við núverandi fjölda starfsmanna.



Mynd 6: Landshluta starfsvæði nýrrar stofnunar

Þjónusta og framkvæmdir

Mikilvægt er að á hverju starfssvæði sé ljóst hvert viðskipavinir eiga að leita eftir þjónustu og í samræmi við góða stjórnarsýslu, geti þeir leitað á einn stað þrátt fyrir að þjónustan verði veitt frá öðrum starfsstöðvum. Bætt rafræn þjónusta er lykilþáttur í þeirri framkvæmd Gott er að hafa í huga í þessu samhengi að hvort sem um er að ræða þjóðskóga eða skóga í eigu annarra en ríkisins, eru það sömu grunnþættirnir sem unnið er að þ.e. nýrækt, umhirða og nýting. Meginmunurinn liggur í því að hver annast framkvæmdina en í dag snúast verkefni þjóðskóganna fyrst og fremst um umhirðu og nýtingu, meðan landshlutaverkefni hafa fyrst og fremst sinnt nýræktun en umhirða er æ vaxandi þáttur í þeirra starfi. Í nánustu framtíð munu margir skógareigendur eðlilega færa sig meira yfir í umhirðu og nýtingu.




Mynd 7: Grunnþættir bændaskógræktar

Í hugum skógareigenda er mikilvægast að hafa gott aðgengi að fagfólki. Starfstöðvar/einingar þurfa því að vera í góðum tengslum við nærsamfélagið eins og félag skógareigenda og skógræktarfélagin.

IV. Skipulag og verkefni fagsviða

Mikilvægur ávinningur af því að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í eina stofnun er sú samþætting sem verður á fagsviðum sem sinna sambærilegum verkefnum, þ.e.a.s. að núverandi landshlutaverkefni verði sameinuð undir einu sviði. Eðlilegt er að þjóðskógarnir starfi áfram sem sérstakt fagsvið og rannsóknnum og þróun verði sinnt á fagsviði sem hafi ákveðna fjarlægð og sjálfstæði frá öðrum sviðum. Þá er lagt til að innan nýrrar stofnunar fái vinna að stjórnsluverkefnum og langtíma stefnumótun skýrari stöðu en nú er, en kynningarstarf og fjármál þjónusti aðra starfsemi stofnunarinnar. Í þessu samhengi er mikilvægt að huga að nauðsynlegum aðskilnaði á milli landshlutaverkefna og þjóðskóga þar sem landshlutaverkefni snúast um að fjármagna verkefni hjá skógareigendum en þjóðskógarnir eru í ríkiseign. Hluti af starfsemi þjóðskóganna felur jafnframt í sér samkeppnisrekstur, s.s. sölu á skógarafurðum, jólatrjám og tjaldstæðaleigu. Að hluta getur þessi sala verið í samkeppni við skógarbændur og skógræktarfélag. Það er því mikilvægt að slíkur rekstur sé aðskilinn frá öðrum rekstri bæði bókhaldslega og sem sérstök stjórnunareining innan stofnunarinnar. Einnig þarf að huga að því hvernig staðið verður að nýtingu þriðja aðila á þjóðskógum landsins þ.e. til að tryggja jöfn tækifæri fyrir alla.



Mynd 8 : Fagsvið nýrrar stofnunar

Á mynd 8 eru hugmyndir að fagsviðum teiknuð upp og áætlaður fjöldi starfsmanna á hverju sviði miðar við núverandi fyrirkomulag. Óvíst er hver mannaflapörf stjórnsýslu og landsáætlunar verður en hér er gert ráð fyrir tveimur til þremur starfsmönnum. Innan Skógræktar ríkisins er nokkurra ára góð reynsla af verkefnastjórnun og er mikilvægt að nýta hana áfram.

Landfræðileg staðsetning starfsfólks er mismikilvæg eftir verkefnum. Skógarverðir og þeirra starfsfólk verða að vera í návígi við þjóðskógana í hverjum landshluta og hluti starfsfólks sem sinnir þjónustu við skógarbændur (núverandi landshlutaverkefni) verður að vera í návígi við þá. Fólk sem sinnir einkum rannsóknnum, áætlanagerð, stjórnsýslu, kynningu og fjármálum á landsvísu er hins vegar ekki bundið við tiltekinn landshluta. Æskilegt væri að auglýsa ný störf óháð staðsetningu en þannig

skapast meiri flæði innan stofnunarinnar. Í þessu sambandi er mikilvægt að huga að eflingu rafrænna samskipta milli starfsfólks með góðu netsambandi og fjarfundbúnaði.

V. Fjármögnun

Til framtíðar mun landsáætlun um skógrækt og landshlutaáætlanir með fimm ára framkvæmdaáætlunum segja til um fjármagnspörfina á hverjum tíma. Það er svo fjárveitingarvaldsins að bregðast við því eins og aðstæður leyfa hverju sinni. Þangað til er mikilvægt að aðgreina fjárveitingar til skógræktar sem einkaaðilum er falið að sinna með samningum, frá öðrum fjárveitingum til skógræktar í fjárlögum hverju sinni. Með sameinaðri stofnun verður að líta svo á að innan hennar séu teknar ákvarðanir um hversu stórum hluta af heildarfjárveitingum er varið til t.d. rannsókna, fræðslu og annarra þjónustuverkefna.

Skógrækt ríkisins ver um 31% af sinni fjárheimild (2014) til rannsókna. Auk þess veitir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um 25 milljónum á ári í rannsóknir í skógrækt í þágu landbúnaðar til rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins. Ljóst er að auka þarf fjárveitingar til skógræktar ef efla á rannsóknir og þróunarstarf í samræmi við þingsályktunina frá 2014.

Erfitt er að segja til um hversu hátt hlutfall af fjárveitingum til landshlutaverkefna ætti að fara til reksturs á þeirri þjónustu sem hvert og eitt starfssvæði mun veita til framtíðar. Eins og staðan hefur verið undanfarin ár þá hefur þetta verið allt frá rétt rúmum 50% niður í 30%. Með því að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnið í eina stofnun ætti að nást fram aukin geta til framkvæmda en erfitt er að spá um hversu mikil hún verður og hvenær hún mun skila sér.

Mikilvægt er að eignir Skógræktar ríkisins fylgi inn í nýja stofnun því í þeim liggur þekkingargrunnur skógræktar og fjárfesting síðustu ára. Þá þarf að vera skýrt með hvaða hætti nýrri stofnun er heimilt að ráðstafa tekjum af nýtingu þjóðskóga landsins. Eins þarf að vera skýrt með hvaða hætti nýrri stofnun er heimilt að ráðstafa arði af jörðum sem Skógrækt ríkisins hefur eignast í gegnum tíðina eða verið falin umsjón með. Gera verður ráð fyrir því að þessi atriði komi til umræðu í endurskoðun skógræktarlaga.

Hugmyndir hafa verið uppi um að leita nýrra leiða við eflingu málaflokksins t.d. með því að skoða með hvaða hætti einkaaðilar og fjárfestingarsjóðir geti fjárfest í skógrækt. Eðlilegt væri að í vinnunni við endurskoðun skógræktarlaga væri þeim möguleika haldið opnum að fjárfestar gætu komið að skógrækt með einhverjum hætti t.d. í gegnum skógræktarsjóði í samræmi við þingsályktunina frá 2014.

IV. Ávinningur og áskoranir við að samþætta skógrækt á vegum ríkisins undir eina stofnun

Samþætting verkefna skógræktar undir eina stofnun felur í sér bæði ávinning og áskoranir. Hér fyrir neðan eru teknir saman helstu þættir sem komu fram í umræðunni.

Ávinningur

- Auðveldar innleiðingu og framkvæmd stefnumörkunar um skógrækt og um leið gerð landsáætlunar og landshlutaáætlana.
- Einfaldari, sterkari og aðgengilegri stjórnsýsla.

- Öflugri svæðisstöðvar og sterkara bakland, fyrir alla sem sinna skógrækt.
- Meira jafnræði milli landshluta þar sem sömu reglur giltu um afgreiðslu fjárframlaga vegna þátttöku í skógræktarverkefnum í öllum landshlutum, skil á gögnum og allir hefðu aðgang að sömu sérfræðingunum.
- Margþætt samlegð varðandi ráðgjöf, fræðslu- og kynningarmál, þróun og eftirlit.
- Markvissari ráðgjöf.
- Einfaldara, sterkara og faglegra opinbert eftirlit.
- Aukin samþætting rannsókna.
- Auðveldar úrvinnslu- og markaðsmál varðandi nýtingu skóga.
- Aukin samvinna um ólíkar aðferðir t.d. endurheimt landgæða.
- Styrking faglegrar vinnu, t.a.m. korta- og áætlanagerð.
- Fjárhagsleg samlegð nýrrar stofnunar liggur í stoðþjónustu eins og fjármálastjórnun og umsýslu fjármála.
- Lægri stjórnunarkostnaður.
- Aukið fjármagn til kjarnastarfsemi, s.s. nýræktunar skóga, vegna hagkvæmni í rekstri.
- Sparnaður í innkaupum t.d. loftmyndum, rekstri landupplýsingakerfa, kaupum á grunn gögnum og búnaði.
- Meiri geta til að sinna mannauðsmálum:
 - Öflugri starfsmannastefna og endurmenntun starfsmanna.
 - Eykur sveigjanleika í starfseminni – flæði milli verkefna skapar m.a. aukin tækifæri til starfsþróunar.
- Meiri geta til að sinna gæðamálum, upplýsingatækni og tæknilegri stoðþjónustu.

Áskoranir

- Óvissa starfsmanna meðan á sameiningu stendur. T.d. getur óvissa um framtíðina dregið úr starfsánægju og um leið starfsorku á sameiningartíma.
- Hætta á að nærþjónusta landshlutaverkefnanna skerðist þar sem stjórnendur verða fjær viðskiptavinunum.
- Óhjákvæmilegur beinn og óbeinn kostnaður við sameiningu. T.d. starfsmenn teknir í verkefni í sameiningarferli og sinna ekki öðrum hlutverkum sínum á meðan.
- Lagaleg óvissa á meðan lagabreytingar fara í gegnum þingið.
- Hugsanlegir hagsmunaárekstrar milli núverandi verkefna meðan á sameiningaferli stendur og þar með ráðstöfun fjármuna.
- Minni fjármunir verða til ráðstöfunar í landshlutaverkefnin þar sem rekstrarkostnaður vegna sameiningar gæti aukist.
- Mikilvægt að tryggja eins og kostur er aðskilnað á milli stjórnsýslu og framkvæmdar.
- Það sem er vel gert í dag í minni einingum (stofnunum) getur orðið fyrir barðinu á sameiningu þ.e.a.s. getur tínt í stærri heild.
- Möguleg andstaða skógarbænda sem mögulega geta leitt af sér neikvæða fjölmiðlaumfjöllun.
- Pólitísk samstaða.
- Tryggja áframhaldandi aðkomu nærsamfélagsins að starfsemi landshlutaverkefna.
- Óljós verkaskipting/skörun verkefna við aðrar stofnanir sem sinna landnýtingu, vernd.
- Nafnabreytingar geta valdið óánægju starfsfólks og misskilnings meðal almennings auk þess að valda kostnaði.

Í kafla 5 hér á eftir verður fjallað sérstaklega um hvernig hægt er að bregðast við þessum áskorunum í undirbúningi sameiningarinnar.

4. Hagaðilar skógræktar á Íslandi

I. Hlutverk helstu aðila

Um leið og skilgreind eru verkefni nýrrar stofnunar er mikilvægt að skilgreina verkefni á sviði skógræktar sem sinnt er af öðrum aðilum.

Skógareigendur og aðrir atvinnurekendur

Þessi hópur er annar tveggja hagsmunaaðila sem skipta skógrækt á Íslandi gríðarlega miklu máli. Þeirra meginverkefni eru:

- Vinna við uppbyggingu auðlindar:
 - Plöntuframleiðsla
 - Framkvæmdir við nýræktun skóga á bújörðum
 - Gróðursetning nytjaskóga
 - Gróðursetning skjólbelta
 - Önnur skógrækt sem heppilegt getur talist að fram fari á einkajörðum (endurheimt, verndarskógar og þ.h.)
- Verðmætasköpun
 - Framleiðsla viðarafurða - grisjun, skógarhögg
 - Framleiðsla jólatrjáa
 - Nýting skóga til ferðaþjónustu
 - Nýting aukaafurða s.s. sveppir, ber
 - Vöruþróun
- Markaðssetning
 - Bein sala, afurðasölufélög eða afurðastöðvar

Mörg þessara verkefna krefjast þjónustu og samstarfs við ríkisstofnun á sviði skógræktar, að einhverju marki. Verkefnin eru ýmist unnin af bændum og starfsmönnum þeirra eða verktökum sem vinna fyrir fleiri aðila.

Félagasamtök (sjálfboðaliðar)

Hinn hópurinn samanstendur af öllum þeim sem starfa innan félagasamtaka og þá sérstaklega Skógræktarfélags Íslands. Þar sem félagasamtök eru í skógrækt á sínum eigin forsendum („frjáls félagasamtök í almannabágu“) er það ekki stjórnvalda að ákveða hvaða verkefnum sé eðlilegt að þau sinni. Almennt vinna þau að skógrækt á landi í þeirra eigu eða í eigu sveitarfélaga eða ríkis, s.s. verndarskógar, endurheimt, fræðsla, útivist m.m. Eðlilegt er að samið sé sérstaklega um verkefni styrkt af ríkinu sem félagasamtök sinna, ef það hentar báðum aðilum. Loks má nefna að eitt af lykilhlutverkum þeirra sé að miðla upplýsingum til félagsmanna og almennings.

Leitað var sérstaklega til fulltrúa þessa tveggja hópa varðandi þeirra sjónarmið gagnvart samþættingu/sameiningu verkefna á sviði skógræktar. Formaður Landssamtaka skógareigenda mætti á einn fund og framkvæmdastjóri samtakannasamtakanna mætti á tvo fundi. Formaður starfshópsins og ráðgjafi funduðu síðan með framkvæmdastjóra Skógræktarfélags Íslands.

Landssamtök skógareigenda drógu fram marga mikilvæga þætti í samtali sínu við starfshópinn sem hafa verið nýttir í vinnu hópsins. Sérstök áhersla var lögð á eftirfarandi atriði:

- Mikilvægt er að Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni séu sameinuð undir merkjum nýrrar stofnunar með skýr framtíðarmarkmið, sem ná að minnsta kosti til næstu 20 ára.
- Við útdeilingu fjármagns til verkefna innan nýrrar stofnunar verði haft í huga þörf hvers verkefnis fyrir sig.
- Að gert verði ráð fyrir aukinni ábyrgð skógareigenda í nytjaskógrækt í framtíðinni og þeim falin verkefni í samræmi við það.

II. Aðrir hagaðilar

Þótt Landssamtök skógareigenda og Skógræktarfélag Íslands hafi sérstaklega verið nefnd í erindisbréfi starfshópsins eru það fleiri hagaðilar sem láta sig málefni skógræktar varða. Starfshópurinn greindi helstu hagaðila eins og taflan í viðauka 5 sýnir. Ber þar helst að nefna Landbúnaðarháskóla Íslands sem sinnir rannsóknum og kennslu á sviði skógræktar. Afar mikilvægt er að ný stofnun sé vel tengd Landbúnaðarháskólanum og að öflugt samstarf haldi áfram á milli þessara stofnana.

Landgræðsla ríkisins fer með gróðurverndarmál og uppgræðslu lands. Skörun er í verkefnum Landgræðslu ríkisins og Skógræktar ríkisins skv. lögum hvað varðar gróðurverndarþáttinn. Nú er unnið að endurskoðun laga um bæði landgræðslu og skógrækt. Einn möguleiki væri að fjallað væri um þessi verkefni í einum lögum en ef það verður ekki er mikilvægt að fulls samræmis verði gætt á milli laganna.

Umhverfisstofnun, Þjóðgarðarnir (Þingvalla og Vatnajökuls), Landgræðsla ríkisins og Skógrækt ríkisins sinna í æ vaxandi mæli þjónustu við ferðamenn og uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum, sem fylgir umsjónarhlutverki þeirra með landi. Mjög mikilvægt er að starf þessara stofnana sé samræmt til að nýta sem best þá sérþekkingu sem er til á þessu sviði.

III. Samráðsfundur

Fulltrúum 16 hagaðila var boðið til samráðsfundar 1. september þar sem kynntar voru tillögur starfshópsins. Alls voru 44 þátttakendur á fundinum en í viðauka 6 er listi yfir þátttakendur.

Formaður starfshópsins og ráðgjafi kynntu helstu tillögur starfshópsins og í framhaldi af því fóru fram umræður á fimm borðum þar sem leitast var við að svara eftirfarandi spurningum:

1. Hvaða tækifæri og ógnanir felast í því að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í eina stofnun?
2. Hvaða væntingar hafið þið til nýrrar stofnunar?
3. Hvaða áherslur ætti ný stofnun að hafa að leiðarljósi fyrstu árin?
4. Hvaða verkefni nýrrar stofnunar eru að einhverju leyti sameiginleg öðrum stofnunum?

Spurningarnar voru sendar á þátttakendur fyrir fundinn þannig að fundarmenn höfðu tækifæri til að undirbúa sig. Til viðbótar við þessar spurningar var óskað eftir afstöðu fundarmanna til hugmynda um samstarf við nærsamfélagið varðandi landshlutaverkefni og ef til kæmi að sviðsmynd 2 yrði fyrir valinu þá hvaða nafn ný stofnun ætti að bera.

Óhætt er að segja að mikill samhljómur hafi verið á milli borða þar sem flestir voru á því að sviðsmynd 2 væri líklegri til að skila betri árangri til lengri tíma litið. Þau tækifæri og þær ógnanir sem fundarmenn nefndu rímuðu ágætlega við þann ávinning og þær áskoranir sem fjallað er um í kafla 3 en í viðauka 7 eru helstu niðurstöður samráðsfundarins dregnar saman. Hvað varðar væntingar til nýrrar stofnunar þá horfa flestir til þess að til verði sterkari og skilvirkari stofnun, aukinn stuðningur við rannsóknir og síðast en ekki síst öflugra skógræktarstarf á vegum hins opinbera. Hvað varðar áherslur nýrrar stofnunar næstu árin snúa þær annars vegar að því að byggja upp öflugra stofnun og hins vegar að því að byggja upp skógrækt til framtíðar.

Ýmis verkefni voru nefnd sem eru sameiginleg öðrum stofnunum en það sem helst var nefnt voru birkiskógar, landgræðslan og landnýting. Í lokin voru hugmyndir starfshópsins um samráð við nærsamfélagið ræddar og voru flestir á því að mikilvægt væri að koma á reglulegu samráði nýrrar stofnunar og félaga skógarbænda í landshlutunum.

Hvað varðar hugmyndir að nafni nýrrar stofnunar voru eftirfarandi nöfn nefnd: Skógrækt ríkisins, Skógræktin, Skógrækt Íslands og Íslandsskógar. Hins vegar nefndu margir að nafn á nýrri stofnun væri aukaatriði en ef ákveðið verður að setja á fót nýja stofnun gæti verið skynsamlegt að leita til starfsmanna um tillögur að nýju nafni.

IV. Samráð og samstarf til framtíðar

Áframhaldandi samráð er gríðarlega mikilvægt við uppbyggingu skógræktar á Íslandi til framtíðar. Þar sem Íslendingar eru enn að byggja upp skógrækt á Íslandi er mikilvægt að eins mikið samstarf og samvinna sé viðhöfð og mögulegt er, á milli skógareigenda og ríkisins. Þannig er hægt að draga lærdóm af þeirri verðmætu reynslu sem fæst af rekstri þjóðskóga. Í því samhengi er mikilvægt að átta sig á því að eitt af verkefnum Landssamtaka skógareigenda er að vera félagslegur bakhjarl fyrir skógareigendur. Landssamtök skógareigenda leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að vera í samstarfi við samtök skógareigenda á Norðurlöndum og öðrum löndum í Evrópu og er það þáttur sem þarf að efla. Enn fremur má benda á að nytjaskógrækt er ein af búgreinum innan Bændasamtaka Íslands og því með góða tengingu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið. Hlutverk Landssamtaka skógareigenda sem málsvari þess hóps sem notar þjónustu landshlutaverkefnanna er mjög mikilvægt og munu skógareigendur og samtök þeirra þurfa að gegna lykilhlutverki við að skapa verðmæti úr skógarauðlindinni sem ríkið tekur þátt í að skapa.

Starfshópurinn er sammála um að jafnframt því að ný stofnun verði til sé mikilvægt að skógareigendur rækti sitt hlutverk og því mikilvægt að samtök skógareigenda geti:

- Veitt nýrri stofnun stuðning vegna þeirrar þjónustu sem hún veitir við uppbyggingu skógarauðlindarinnar og verðmætasköpunar.
- Hvatt skógareigendur til að skapa verðmæti með fjölbreyttri nýtingu skóga.
- Veitt forystu í úrvinnslu og markaðsmálum á hverjum tíma.

Starfshópurinn álitur að hagkvæmt gæti verið fyrir ríkið að styðja félög skógarbænda til einhverra þessara verkefna.

5. Undirbúningur breytinga

I. Helstu álitaeftni starfshópsins

Nokkur álitaeftni voru til umræðu í starfshópnum og verður fjallað um þau sérstaklega. Í fyrsta lagi var álitaeftni sem varðar erindisbréf starfshópsins þar sem skýrt er kveðið á um að hlutverk hópsins sé að „hefja vinnu við skoðun á sameiningu skógræktarstarfs ríkisins í eina stofnun, þ.e. Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna í skógrækt“. Í gegnum árin hefur verið mikil umræða um sameiningu Skógræktar ríkisins og Landgræðslunnar sem endurspeglast meðal annars í þingsályktun nr. 39/143 um eflingu skógræktar sem atvinnugreinar sem lögð var fram á 144. Löggjafarþingi eins og fjallað er um í kafla 2 hér að framan. Eins og fram kemur í þeirri umfjöllun þá var það ákvörðun umhverfis- og auðlindaráðherra að taka þetta skref sem gæti síðar orðið grundvöllur frekara samstarfs stofnana sem starfa að jarðvegsvernd, gróðurvernd og uppbyggingu gróðurauðlindar og hugsanlegri sameiningu verkefna síðar.

Í öðru lagi var álitaeftni hvernig verkefnum skógræktarinnar er skipt á milli ráðuneyta. Skýrt er kveðið á um verkaskiptingu ráðuneyta í forsetaúrskurði nr. 71/2013, með síðari breytingum. Það sé hins vegar mikilvægt að efla atvinnusköpun samhliða því að byggja upp skógarauðlind. Uppbygging, vernd og viðhald skógarauðlindarinnar er á ábyrgð umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og undirstofnana þess. Verðmætasköpun úr skógarauðlindinni gæti tengst verkefnasviði atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins sem ráðuneytin myndu hafa samstarf um.

Um þriðja álitaeftnið er fjallað um í kafla 3, þ.e. sviðsmyndirnar tvær, og var starfshópurinn ekki sammála um hvor leiðin væri heppilegri. Meirihluti starfshópsins telur að síðari sviðsmyndin þ.e. ný stofnun sé vænlegri til árangurs.

Fjórða álitaeftnið sem var til umfjöllunar tengist fyrirkomulagi tímabundinna átaksverkefna í þágu markmiða á borð við jarðvegsvernd eða kolefnisbindingu á stærri svæðum, sambærilegum við Heklusógaverkefnið. Mikilvægt er að í nýrri laga- og stofnanaumgjörð sé rúm fyrir slík verkefni. Stefna varðandi slík verkefni yrði mótuð við gerð landshlutaáætlunar hvers svæðis. Æskilegt væri að verkefnisstjórn slíkra verkefna yrði á ábyrgð starfandi stofnana en nýjar stofnanir ekki settar á fót. Þrátt fyrir það er mikilvægt að samstarf milli stofnana um slík verkefni verði formgert eins og við á, þannig að markmið verkefnisins nái fram að ganga. Ef slíkt verkefni er unnið í samstarfi stofnana, er eðlilegt að umsjón verkefnis yrði hjá þeirri stofnun þar sem best hentar að verkefnisstjóri hafi starfsaðstöðu sína hverju sinni.

II. Áskoranir við að innleiða nýtt skipulag skógræktarmála

Í kafla 3 er fjallað um ávinning og áskoranir við að samþætta skógrækt á vegum ríkisins undir eina stofnun. Árangursrík innleiðing á breytingum stendur og fellur með þeim undirbúningi sem liggur til grundvallar breytingunum⁷. Hægt er að styðjast við mismunandi verkfæri í slíkum undirbúningi en eitt af þeim er Stefnavitinn⁸. Hann samanstendur af eftirfarandi: mannauðnum sem þarf að vera til

⁷ Robin Speculand, John Kotter, Norton og Kaplan ofl. fræðimenn

⁸ Robin Speculand og Strategía ehf.

staðar, framtíðarsýn og rökum fyrir breytingum, miðlun upplýsinga, mælingum á árangri, nauðsynlegri menningu, skilgreiningu ferla, eftirfylgni og rýni í breytingarferlinu.



Mynd 9: Stefnuvitinn

Til að átta sig betur á þeim áskorunum sem taldar voru upp í kafla 3 er ágætt að máta þær á átta þætti Stefnuvitans:

1) Mannauður: Þegar takast á við breytingar bregðast einstaklingar mismunandi við allt eftir því hvernig breytingarnar horfa við þeim. Þeir sem sjá tækifæri í breytingum fagna þeim og sjá ekkert nema ávinning. Þeir sem upplifa einhvers konar ótta við breytingarnar hvort sem það tengist verkefnum, stöðu eða vinnufélögum svo dæmi séu nefnd, geta byrjað meðvitað eða ómeðvitað að vinna gegn breytingunum. Því er mikilvægt að lágmarka alla óvissu í hugum starfsmanna sem fyrst. Stærsti óvissuþátturinn er tilfærsla á milli stofnana og því verður fjallað um hann sérstaklega hér á eftir.

2) Framtíðarsýnin: Mikilvægt er að allir stjórnendur hafi skýra sýn á hvert er verið að stefna með nýrri stofnun og því er nauðsynlegt að vinna ákveðna grunnvinnu eins og nú hefur verið gert á vegum starfshópsins. Annað lykilatriði er að sá sem mun leiða breytingarnar sé talsmaður þeirra og því verður ráðning nýs forstöðumanns lykilþáttur í árangursríku innleiðingarferli. Sérstaklega er fjallað um það í undirkafla VI hér á eftir. Nýr forstöðumaður þarf að leiða stefnumótunarvinnu nýrrar stofnunar og hrinda af stað vinnu við gerð landsáætlunar.

3) Miðlun upplýsinga: Mikilvægt er að allir hagaðilar hvort sem þeir starfa innan eða utan stofnunarinnar séu vel upplýstir um framgangna mála, allt frá því að niðurstöður starfshópsins liggja fyrir og þar til ný stofnun tekur til starfa.

4) Mælingar: Til að sjá ávinning breytinganna er nauðsynlegt að skilgreina mælikvarða. Þetta ætti að vera hluti af stefnumörkun nýrrar stofnunar.

5) Menning: Þegar verið er að sameina stofnanir og setja á fót nýja stofnun er mikilvægt að ræða sig í gegnum það hver menning nýrrar stofnunar á að vera. Hvað er það góða sem er mikilvægt að taka með sér í nýja stofnun og hvað má skilja eftir. Þessi þáttur yrði einnig hluti af stefnumörkun nýrrar stofnunar.

6) Ferli: Þótt verkefni í núverandi stofnunum séu að einhverju leyti ólík þá eru nokkrir ferlar sem eru sameiginlegir öllum stofnunum. Einnig eru aðrir ferlar sem snertast þvert á núverandi stofnanir og því verður mikilvægt að ræða sig í gegnum ferla nýrrar stofnunar og sammælast um verklag til framtíðar.

7) Eftirfylgni: Breytingar taka tíma og ný stofnun verður ekki fullmótuð á einni nóttu. Það er því mikilvægt að fylgja því vel eftir sem vel er gert og hvetja fólk áfram en leiðrétta það sem miður fer.

8) Rýni: Þegar hafist er handa við ákveðnar breytingar geta aðstæður breyst í innra og ytra umhverfi sem kalla á nýjar áherslur. Því er mikilvægt að rýna reglulega innra og ytra umhverfi og taka afstöðu til þess hvort það sé eitthvað sem kallar á nýjar áherslur eða smávægilegar breytingar.

Rannsóknir⁹ sýna að ef þessir átta þættir eru hafðir að leiðarljósi í breytingaferli aukast líkurnar til muna á að innleiðingin verði árangursrík. Hvað varðar aðrar áskoranir sem nefndar eru í kafla 3 og ekki hefur verið komið inn á í þessari upptalningu má helst nefna mikilvægi þess að gera ráð fyrir kostnaðarauka vegna sameiningar og hitt að nauðsynlegar lagabreytingar liggja fyrir áður en breytingaferlinu er hrint af stað. Eins og áður hefur komið fram er unnið að heildarendurskoðun skógræktarlaga sem gert er ráð fyrir að lögð verði fram á vorþingi 2016. Ef breytingar vegna sameiningar eiga að ná fram að ganga fyrir áramót þarf að leggja fram frumvarp sem kveður á um slíka breytingu á haustþingi, þar sem gert yrði ráð fyrir að ný stofnun gæti tekið til starfa 1. janúar 2016 myndi frumvarpið ná fram að ganga.

Annað mikilvægt atriði sem þarf að tryggja sátt um er hvað tekur við af núverandi stjórnnum landshlutaverkefnanna. Á samráðsfundi með helstu hagaðilum voru flestir á því að mikilvægt væri að koma á skilgreindu samráði nýrrar stofnunar við Landssamtök skógareigenda og aðildarfélag. Sveitarfélög fá í dag til kynningar og umsagnar alla samninga sem gerðir eru við skógarbændur á vegum landshlutaverkefna og þannig er aðkoma þeirra tryggð. Ef ný skógræktarlög, verði frumvarp þess efnis að lögum, kveða á um gerð svokallaðra landshlutaáætlana, með svipuðum hætti og gildandi lög nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt, skapast vettvangur til að eiga samráð við sveitarfélögin. Hvort þörf sé á frekara samráði í nærsamfélagi landshlutaverkefnanna verður tíminn að leiða í ljós.

III. Starfsmannabreytingar

Fyrir liggur að skipa þarf forstjóra nýrrar stofnunar, verði tekin ákvörðun um sameiningu. Það er svo hans hlutverk að ráða starfsmenn stofnunarinnar. Þegar verið er að setja á fót nýja stofnun sem samanstendur af eldri stofnunum hefur á undanförunum árum verið sett inn sérstakt ákvæði til bráðabirgða þar sem öllum starfsmönnum forvera nýrrar stofnunar er boðið nýtt starf hjá nýrri stofnun. Á sama tíma er kveðið skýrt á um að breytingar geta orðið á því starfi og staðsetningu í skipulagi allt eftir nýju skipulagi og starfslýsingum.

Þeir starfsmenn sem ekki kjósa að færa sig yfir í nýja stofnun geta átt rétt á biðlaunum þ.e. ef starf þeirra er ekki lengur í boði. Það eru þó aðeins þeir starfsmenn sem hafa starfað óslitið hjá hinu opinbera frá 1. júlí 1996, sbr. bráðabirgðaákvæði í starfsmannalögum, nr. 70/1996.

Í handbók fjármálaráðuneytisins um sameiningu stofnana segir:

„Forðast þarf að valda óöryggi hjá starfsmönnum og skapa óraunhæfar væntingar í sambandi við störf og kjaramál. Standi til að bjóða starfsmönnum starf hjá sameinaðri stofnun er heppilegast að gera það samtímis uppsögn. Forsenda þess er sú að búið sé að ráða forstöðumann sameinaðrar stofnunar eða að verkefnisstjórn hafi lagalega heimild til að ráða fólk.

Það er varasamt að lofa fólki óbreyttum störfum áður en búið er að ákveða í aðalatriðum hvernig stofnunin mun takast á við verkefni sín og hvernig stjórnskipulagið verður. Loforð um lítið breytt eða óbreytt störf takmarka svigrúm til að móta starfsemina. Það getur jafnvel

⁹ Robin Speculand

verið heppilegra að auglýsa öll störf, því þá þurfa þeir sem eru áhugasamir að sýna hvað þeir hafa fram að færa. Þetta á ekki síst við um stjórnunarstörf.

Hafa þarf í huga að sameining stofnana hefur yfirleitt mest áhrif á störf yfirmanna og stoðþjónustu, svo sem fjármálaumsjón, innkaup og birgðahald, rekstur upplýsingakerfa, skjala- og bókasafn, útgáfu- og kynningarmál, umsjón húsnæðis, starfsmannahald, lögfræðiaðstoð, móttöku, ritarþjónustu og sendiþjónustu. Störf sérfræðinga sem fást við kjarnaþjónustu breytast almennt minna þótt þau færast til með verkefnum og vinnuferlar breytist.

Þegar ríkisstofnanir eru sameinaðar geta starfsmannabreytingar tæknilega orðið með þrennum hætti, samkvæmt gildandi lögum:

Leið 1. Störf lögð niður og búin til ný störf hjá stofnun sem tekur við viðkomandi verkefnum. Starfsmönnum er ekki tryggður forgangur að nýjum störfum.

Leið 2. Störf lögð niður og búin til störf hjá nýrri stofnun eða stofnun sem fyrir er. Starfsmönnum er tryggður forgangur að nýjum störfum.

Leið 3. Störf eru ekki lögð niður heldur flutt til annarrar stofnunar með því að hún yfirtekur ráðningarsamninga. Miðað er við að allir haldi störfum sínum.“

Sú leið sem hefur oftast orðið fyrir valinu á undanförunum árum er leið 1 – störf lögð niður og búin til ný störf hjá stofnun sem tekur við viðkomandi verkefnum. Mikilvægt er að þetta atriði liggja fyrir sem fyrst því á meðan svo er ekki getur skapast mikið óvissuástand hjá starfsfólki sem gæti haft áhrif á starfsemi núverandi stofnana.

IV. Kynning á tillögum að nýju skipulagi

Þegar umhverfis- og auðlindaráðherra hefur tekið afstöðu til tillagna starfshópsins er mikilvægt að niðurstöður ákvörðunar hans séu kynntar fyrir starfsmönnum og öðrum hagaðilum skógræktarinnar eins og þeir hafa verið skilgreindir í þessu starfi. Þá er einnig mikilvægt að halda þeirri upplýsingagjöf áfram samhliða undirbúningi breytinga. Í því samhengi er æskilegt að gera áætlun um hvernig staðið verður að samráði og upplýsingagjöf til starfsmanna, skógarbænda og annarra hagaðila.

Nú hefur verið komið á ákveðnu samráði við hagaðila og gæti verið ákveðið tækifæri til að halda því áfram. Í tengslum við nauðsynlegar lagabreytingar, verði af þeim, er mikilvægt að fulltrúar starfshópsins geti fylgt umræðunni eftir hver á sínum vettvangi í samræmi við ákvarðanir ráðherra í kjölfar skýrslu starfshópsins.

V. Ný skógræktarlög

Í tengslum við vinnu starfshópsins hefur oftast ekki komið skýrt fram mikilvægi þeirrar vinnu sem nú stendur yfir í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi endurskoðun á skógræktarlögum. Samkvæmt þingmálaskrá er gert ráð fyrir að frumvarp til nýrra skógræktarlaga verði lagt fram á vorþingi 2016 og því er mikilvægt að skoða hvaða aðrir möguleikar eru í stöðunni til að tryggja þá lagaheimild sem þarf að vera til staðar svo að ný stofnun geti tekið til starfa, komi til þess. Eins og fram hefur komið er æskilegt að ný stofnun gæti tekið til starfa í ársbyrjun 2016 en þó eigi síðar en 1. júlí 2016. Ef svo á að verða þarf að vera hægt að hefja undirbúning að því sem fyrst en óráðlegt er að fara í slíkan undirbúning fyrr en lagaheimild liggur fyrir frá Alþingi.

VI. Verkefni skógræktarstjóra

Fyrir liggur að auglýst verði eftir starfi skógræktarstjóra þar sem núverandi skógræktarstjóri lætur af störfum 31. desember 2015. Það yrði hlutverk þess sem tekur við starfinu að leiða nýja stofnun inn í framtíðina og þar með að leiða þær breytingar sem starfshópurinn leggur til að hrint verði í framkvæmd.

VII. Kostnaður vegna sameiningar

Óháð því hvor sviðsmyndin verður fyrir valinu er mikilvægt að gera ráð fyrir og áætla viðbótarkostnað sem mun falla til vegna sameiningar. Í samningaferlinu er nauðsynlegt að koma á samtali milli starfsmanna landshlutaverkefnanna og Skógræktar ríkisins annars vegar og hagaðila hins vegar. Slíkir vinnufundir og samráðsfundir kalla á ákveðna umsýslu og ferðakostnað sem gera þarf ráð fyrir. Enn fremur má gera ráð fyrir aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa bæði í að leiða sameiningarferlið, við breytingastjórnun og stefnumótun nýrrar stofnunar.

6. Lokaorð

Það er mat starfshópsins að það felist mikil tækifæri í því að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefnið í eina stofnun. Mesti ávinningurinn yrði sá að skipulag skógræktar á vegum ríkisins yrði endurskoðað með virkri þátttöku starfsmanna og helstu hagaðila.

Þegar ákvörðun liggur fyrir um þær tillögur sem skýrsla þessi leggur til, þarf að auglýsa embætti skógræktarstjóra. Samhliða því þarf að vinna að nauðsynlegum lagabreytingum. Það er svo hlutverk skógræktarstjóra að marka stefnu nýrrar stofnunar í samráði við starfsmenn og helstu hagaðila.

Einnig þarf að hrinda af stað gerð landsáætlunar og landshlutaáætlana eins og rætt hefur verið um í vinnu við endurskoðun skógræktarlaga. Sú stefnumörkun mun verða leiðarljós skógræktar næstu árin og áratugina.

Umræðan í starfshópnum hefur verið upplýsandi og hefur samræðan þroskað og þróað hugmyndir um samþættingu og sameiningu skógræktarverkefna. Sú samræða á vonandi eftir að styrkja skógrækt á vegum ríkisins enn frekar inn í framtíðina.

Ef vel tekst til við sameiningu skógræktarverkefna á vegum ríkisins og endurskoðun og samræmingu laga um skógrækt og landgræðslu verður lagður góður grunnur að markvissari stefnu um sjálfbæra landnýtingu sem gæti leitt til frekari sameininga á þessu sviði. Þar með fengist betri heildarsýn og samræmi í vinnubrögð við jarðvegs- og gróðurvernd og uppbyggingu gróðurauðlindar í landinu.

Að lokum vill starfshópurinn þakka þeim sem aðstoðuðu í þessari vinnu, bæði starfsmönnum ráðuneytisins, stofnana þess og hagaðilum.

Viðauki 1 – Lagaumgjörð skógræktar á Íslandi

- Lög um skógrækt: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1955003.html>
 - Lög um viðauka við lög nr. 3 1955, um skógrækt: [1966 nr. 22 16. apríl](#)
- Lög um landshlutaverkefni í skógrækt: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2006095.html>
- Reglugerð um landshlutaverkefni í skógrækt: <http://www.reglugerd.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfis--og-audlindaraduneyti/nr/19455>
 - Á grundvelli laga um landshlutaverkefni í skógrækt setti umhverfis- og auðlindaráðuneytið reglugerð um framkvæmd verkefnanna árið 2015. Þar eru mörg mál sem varða framkvæmd laganna skýrð betur, auk þess eru í viðaukum sett fram ýmis viðmið hvað varðar framkvæmd verkefnanna og samræmingu.
- Lög um landgræðslu: [1965 nr. 17 24. apríl](#)

Önnur lög sem tengjast skógrækt og nýtingu lands

- 1993 nr. 99 8. september Lög um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum
- 1998 nr. 70 15. júní Búnaðarlög
- 1999 nr. 12 11. mars Lög um Lífeyrissjóð bænda
- 2013 nr. 30 10. apríl Lög um náttúruvernd
- 2000 nr. 106 25. maí Lög um mat á umhverfisáhrifum
- 2001 nr. 107 31. maí Þjóðminjalög
- 2002 nr. 91 15. maí Lög um varnir gegn landbroti
- 2004 nr. 80 9. júní Ábúðarlög
- 2004 nr. 81 9. júní Jarðalög
- 2007 nr. 65 28. mars Lög um losun gróðurhúsalofttegunda
- 1941 nr. 46 27. júní Landskiptalög
- 2000 nr. 106 25. maí Lög um mat á umhverfisáhrifum
- 2012 nr. 70 29. júní Lög um loftslagsmál
- 2010 nr. 123 22. september Skipulagslög,
- 2012 nr. 80 29. júní Lög um menningarminjar,
- 1281 nr. Jónsbók – Dæmi; “ Nú þó at tveir menn fari í skóg saman, ok skýst annars öx á annan at óvilja þess er á skapti helt, ok deyr hann af, þá skal hinn bæta fjórðung bóta erfingja hins dauða“

Viðauki 2 – Landshlutaverkefni

Upphaf landshlutaverkefnanna má rekja til fyrstu gróðursetningar í Fljótsdalsáætlun í sumarbyrjun árið 1970 á Víðivöllum í Fljótsdal. Þá fékkst fjárveiting til að bjóða nokkrum bændum, á því svæði landsins þar sem skógræktarskilyrði voru talin best, að rækta nytjaskóga á jörðum sínum. Skógrækt ríkisins sá um það verkefni að öllu leyti. Með lagabreytingu árið 1984 var það verkefni útfært til fleiri svæða undir heitinu Nytjaskógrækt á bújörðum og var það verkefni, sem rekið var af Skógrækt ríkisins, undanfari landshlutaverkefnanna í skógrækt. Héraðsskógar voru fyrsta landshlutabundna skógræktarverkefnið sem stofnað var með lögum nr. 32/1991 og síðan bættust aðrir landshlutar við allt til ársins 2002.

Héraðs- og Austurlandsskógar

Héraðsskógar eru elsta landshlutabundna skógræktarverkefnið, stofnað með lögum nr. 32/1991. Fyrsta gróðursetning var árið 1990 en þá var verkefnið í fyrsta skipti á fjárlögum. Upphaflegt starfssvæði verkefnisins náði yfir Fljótsdal, Fell, Velli og hluta Eiðapinghá en síðan hefur starfssvæðið verið stækkað og nær nú yfir allt Fljótsdalshérað.

Austurlandsskógar eru yngsta landshlutabundna skógræktarverkefnið, stofnað með lögum nr. 56/1999. Starfssvæði þess nær yfir N- og S- Múlasýslur að Fljótsdalshéraði undanskildu. Með sérstökum samningi við landbúnaðarráðuneytið var Héraðsskógum falin umsjón með Austurlandsskógaverkefninu auk þess sem Héraðsskógar starfa óbreytt á sínu starfssvæði. Verkefnið hafahafa aðskilinn fjárhag en sameiginlega stjórn og framkvæmdastjóra auk þess sem þau samnýta húsnæði, aðstöðu og ákveðna starfsmenn í hlutfalli við fjárveitingar.

Norðurlandsskógar

Norðurlandsskógar voru formlega stofnaðir 13. júlí árið 2000, byggt á lögum nr. 56/1999. Starfssvæði Norðurlandsskóga er Vestur- og Austur Húnavatnssýsla, Skagafjörður, Eyjafjörður og Suður- og Norður Þingeyjarsýsla.

Skjólsskógar á Vestfjörðum

Skjólsskógar á Vestfjörðum voru stofnaðir samkvæmt lögum frá Alþingi nr. 56/1999 um landshlutabundin skógræktarverkefni. Alþingi veitti fé til verkefnisins í fyrsta sinn í fjárlögum ársins 2000. Við samningu landshlutaáætlunarinnar var að mestu byggt á hugmyndafræði eldra verkefnis; áætlunar um Skógrækt og skjólbeltarækt í Dýrafirði og Öndurarfirði frá 1996 sem áhugamannafélagið Skjólsskógar hafði gert og unnið eftir.

Suðurlandsskógar

Lög um Suðurlandsskóga voru sett á Alþingi árið 1997. Fyrst var gróðursett undir merkjum Suðurlandsskóga vorið 1998. Starfssvæði verkefnisins nær yfir Reykjanes, Árnessýslu, Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslurnar báðar.

Vesturlandsskógar

Vesturlandsskógar voru stofnsettir í ársbyrjun 2000, á grundvelli laga um landshlutabundin skógræktarverkefni nr. 56/1999. Áður hafði Skógrækt ríkisins stutt bændur til skógræktar í

landshlutanum. Það var þó eingöngu gert á svæðum, sem talin voru bjóða uppá hvað best skógræktarskilyrði, þ.e. í innanverðum Hvalfirði og Borgarfjarðardölum til og með Reykholtisdals. Með stofnsetningu Vesturlandsskóga víkkaði svæði það, sem talið er henta til skógræktar og nær nú til alls láglendis í landshlutanum, frá og með hinni fornu Kjósarsýslu og að Gilsfjarðarbotni. Með nýjum lögum um landshlutaverkefni í skógrækt árið 2006 féllu öll verkefni undir sömu lög.

Viðauki 3 – Starfsmannafjöldi í skógrækt

Hér fyrir neðan er yfirlit yfir fjölda starfsmanna einstakra stofnanna og félagasamtaka sem starfa á sviði skógræktar og menntun þeirra.

Stofnun	Fjöldi starfsmanna (verktaka)	Fjöldi með háskóla-menntun í skógrækt	Fjöldi annarra háskóla-menntaðra	Fjöldi með aðra sérmenntun á sviði skógræktar
Skógrækt ríkisins	52	13	8	10
Landshlutaverkefni:				
- Suðurlandsskógar	3,7	3,7		
- Héraðs- og Austurlandsskógar	3,5	2	1,5	
- Norðurlandsskógar	3	3		
- Skjólsskógar á Vestfjörðum	2,5	1,5	1	
- Vesturlandsskógar	2,1	1,6	0,5	
Landssamtök skógareigenda	1	1		
Skógaræktarfélag Íslands	6			
Hekluskógar	0,5	0,5		

Viðauki 4 – Verkefni Skógræktar ríkisins og landshlutaverkefna

	Verkefni unnið		Verkefni unnin í dag af:		
	Í dag	Framtíð	Skóg- rækt ríkisins	Landshluta verkefni	Skógarbænd ur og aðrir atvinnu- rekendur
Stjórnsýsluverkefni:					
Stefnumörkun	x	x	x	x	x
–þ.m.t. landsáætlanir í skógrækt og landshlutaáætlanir		x	x	x	
Umsagnir til opinberra aðila – (skipulagsáætlanir, mat á umhverfisáhrifum, lagafrumvörp o.fl.)	x	x	x	x	x
Leyfisveitingar (til að grisja eða fella skóg)	x	x	x		
Opinber skipulagsmál					
– landsskipulagsstefna og skipulagsvinna sveitarfélaga	x	x	x	x	
Samningar um skógrækt á bújörðum					
– ákvörðun um að ganga til samninga – undirskrift f. hönd ríkisins	x	x		x	
Úttektir á framkvæmdum á bújörðum	x	x		x	
Afgreiðsla á styrkjum/fjármunum á grunni úttekta	x	x		x	
Alþjóðlegt samstarf s.s. (einkum á norrænum vettvangi, en einnig á evrópskum vettvangi.	x	x	x	x	
Ákvörðun um að friða skóga.	x	x	x		x
Þjónustu- og framkvæmdaverkefni:					
Framkvæmdaverkefni:					
Umsjón með þjóðskógunum sem eru skógar í eigu almennings, fyrir almenning	x	x	x		
- umsjón með friðuðum svæðum (girðingar, smölun o.fl.)	x	x	x		x
- gerð ræktunar-, umhirðu-, grisjunar-, fellingar-, nýtingaráætlana	x	x	x	x	
- gróðursetning, umhirða, grisjun, felling	x	x	x		x
- úrvinnsla timburs s.s. kurlun og fletting	x	x	x		x
- sala skógarafurða (viður, jólatré, birkisafi, skreytingar..)	x	x	x		x
- vegagerð	x	x	x		x
- aðstaða fyrir útivist almennings:	x	x	x		
-- gerð og viðhald göngustíga	x	x	x		
-- rekstur tjaldsvæða	x	x	x		
-- bílastæði, áningarstaði, salernishús	x	x	x		

	Verkefni unnið		Verkefni unnin í dag af:		
	Í dag	Framtíð	Skóg- rækt ríkisins	Landshluta verkefni	Skógarbændur og aðrir atvinnu- rekendur
-- upplýsingaskilti, merkingar	x	x	x	x	
Samstarf við ferðaþjónustuaðila	x	x	x	x	x
Samstarf við skóla	x	x	x	x	x
Nýræktun skóga á stærri svæðum í eigu ríkisins s.s. Hekluskógar.	x	x	x		x
Vöktun birkiskóga annarra en þjóðskóga	x	x	x		x
Þjónusta og ráðgjöf					
Við ræktendur sem gert hafa samninga um skóg- og skjólbeltarækt	x	x	x	x	
Samskipti við skógarbændur þ.m.t. ráðgjöf með heimsóknum og símtölum.				x	
Móttaka umsókna um skógrækt og skjólbeltarækt	x	x		x	
Meta land til ræktunar, gróður- og jarðvegskortlagning þ.m.t. náttúru-, umhverfis- og minjavernd.	x	x	x	x	
Vinna við samninga við skógarbændur og gerð samningskorta.	x	x		x	
Áætlanagerð: Ræktunar, slóða, umhirðu og grisjunar (fyrir fyrstu grisjun).	x	x	x	x	
Skráning framkvæmda í gagnagrunn (hvað þarf til að bændur geri það sjálfir?)	x	x	x	x	
Árangursmat í skógrækt til að meta afföll (nýtt).	x	x	x	x	
Undirbúningur plöntukaupa/útboðs – gæðakröfur, í samræmi við þarfir hvers svæðis og praktískra þátta.	x	x	x	x	
Skipulag /þátttaka í plöntudreifingu.	x	x	x	x	
Rannsóknir og þróun:					
Framþróun skógræktarstarfsins	x	x	x	x	x
Erfðaauðlindir í skógrækt:	x	x	x		
- Ræktun og kynbætur	x	x	x	x	
- Ábyrgð á erfðaefni	x	x	x	x	
- Skráning (gagnagrunnar)	x	x	x	x	
Mælingar á vexti og útbreiðslu skóga - skógaskrá	x	x	x		
Vistfræðiskóga	x	x	x		
Vöktun á heilbrigði skóga – trjáa og skógarheilsa	x	x	x	x	
Nýræktun skóga og skjólbelta	x	x	x	x	
Umhirða skóga	x	x	x	x	
Afurðir skóga	x	x	x	x	x
- Verðmætasköpun	x	x	x	x	x

	Verkefni unnið		Verkefni unnin í dag af:		
	Í dag	Framtíð	Skóg- rækt ríkisins	Landshluta verkefni	Skógarbænd ur og aðrir atvinnu- rekendur
- Úrvinnsla	x	x	x	x	x
- Markaðsmál	x	x	x	x	x
Skógar og loftslagsbreytingar	x	x	x		
Lífhagkerfið	x	x	x		
Landupplýsingar	x	x	x	x	
Fræðsla og upplýsingamiðlun:					
Mat á þörf fyrir fræðslu út frá stefnumörkun, rannsóknum og þróun greinarinnar.	x	x	x	x	
Fræðsla til bænda með fundum og námskeiðum.	x	x	x	x	
- námskeið í samstarfi við endurmenntun Lbhí	x	x	x	x	
Aðkoma að starfsmenntanámi í samstarfi Lbhí	x	x	x	x	
Aðkoma að námi á sviði skógfræði í samstarfi við Lbhí.	x	x	x	x	
Fræðsla til annarra markópa s.s.					
- sumarbústaðaeigenda	x	x	x	x	
- starfsmanna sveitarfélaga	x	x	x	x	
- leik- og grunnskólakennara t.d. útikennsla.	x	x	x	x	
Fræðsluverkefni með skólum	x	x	x	x	
Öflun og miðlun tölulegra gagna um skógrækt og íslensku skógarauðlindina til stjórnvalda, alþjóðastofnana og almennings.	x	x	x	x	
Vefsíða um starfið	x	x	x	x	x
Útgáfa (ársskýrslur, Rit Mógilsár o.fl.)	x	x	x	x	x
Samskipti við fjölmiðla	x	x	x	x	x
Auglýsingar	x	x	x	x	x
Atburðir	x	x	x	x	x
Merkingar, upplýsingabæklingar, gönguleiðakort	x	x	x	x	
Fjármál					
Fjárhagsáætlanir	x	x	x	x	x
Bókhald	x	x	x	x	x
Launamál	x	x	x	x	x
Starfsmannamál	x	x	x	x	
Samningagerð	x	x	x	x	
Daglegur rekstur	x	x	x	x	x
Kaup/útboð á plöntum	x	x	x	x	x
Kaup/útboð á öðrum aðföngum s.s áburð og plast	x	x	x	x	x
Afgreiðsla á framlögum til skógarbænda vegna framkvæmda	x	x		x	

	Verkefni unnið		Verkefni unnin í dag af:		
	Í dag	Framtíð	Skóg- rækt ríkisins	Landshluta verkefni	Skógarbændur og aðrir atvinnu- rekendur
Sala skógarafurða	x	x	x	x	x
Gjaldskrá vegna þjónustu þjóðskóga	x	x	x		
Önnur verkefni					
Nýtingaráætlanir fyrir aðra ræktendur				x	
Fellingaráætlanir	x	x	x	x	
Fræumsýsla	x	x	x	x	
Gæðamál – er það sérstakt verkefni eða innifalið í öðru	x	x	x	x	x
Verkefni bænda:					
Vinna við uppbyggingu auðlindar:	x	x	x	x	x
- Plöntuframleiðsla	x	x			
- Framkvæmdir við nýræktun skóga á bújörðum	x	x			x
-- Gróðursetning nytjaskóga	x	x	x		x
-- Gróðursetning skjólbelta	x	x			x
-- Önnur skógrækt sem heppilegt getur talist að fram fari á einkajörðum (endurheimt, verndarskógar o.þ.h.)	x	x			x
Umhirða og reglulegt eftirlit	x	x	x	x	x
Verðmætasköpun					
- Framleiðsla viðarafurða - grisjun, skógarhögg,	x	x	x		x
- Framleiðsla jólatrjáa	x	x	x		x
- Nýting skóga til ferðaþjónustu	x	x	x		
- Nýting aukaafurða s.s. sveppir, ber	x	x	x		x
- Vöruþróun	x	x	x		
Markaðssetning					
- bein sala, afurðasölufélög, afurðastöðvar	x	x	x		x

Viðauki 5 – Hagaðilagreining

Hagaðilar	Hlutverk	Þýðing fyrir verkefnið (1-5 stig)	Væntingar	Aðgerð/Viðbrögð		
Innri aðilar:						
1. Skógrækt ríkisins (Hekluslógar)	Þátttakendur	5	Byggja upp öfluga stofnun og vinna að eflingu skógræktar til lengri tíma litið.	Virkja starfsmenn í breytingaferlinu og innri stefnumótun		
2. Landshlutaverkefnið	Þátttakendur	5				
3. UAR	Þátttakendur	5				
Ytri aðilar:						
<i>Helstu:</i>						
1. Landssamtök skógareigenda	Framkvæmdaaðilar/ styrkþegar / þjónustuveitendur	5	Að ný stofnun eflir þjónustu núverandi aðila og aukið samstarf verði öllum til hagsbóta.	Virkja hagaðila í innri og ytri stefnumörkun og halda samtalinu gangandi.		
2. Skógræktarfélag Íslands	Hugsjón, grasrótin	4				
3. Landbúnaðarháskóli Íslands	Rannsóknir og menntun	3				
4. Bændasamtök Íslands	Hagsmunagæsla					
5. Landgræðsla ríkisins	Samstarfsaðili					
6. Umhverfisstofnun	Samstarfsaðili	2				
7. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið (báðir ráðherrar)	Atvinnugreina- tenging	3				
8. Skipulagsstofnun		2				
9. Samband ísl. sveitarfélaga	Samstarfsaðili	3				
10. Náttúrufraeðistofnun Íslands	Samstarfsaðili	3				
11. Landmælingar Íslands	Birgi	3				
12. Landvernd	Hagsmunagæsla	3				
<i>Aðrir:</i>						
13. SA	Hagsmunagæsla	2				
14. Þjóðgarðarnir	Snertifletir/samstarf	2				
15. Nýsköpunarmiðstöð	Atvinnugreina- tenging	2				
16. Byggðastofnun	Byggðasjónarmið	2				
17. Fasteignir ríkisins (jarðaumsýsla)	Umsýsla jarða	2				
18. Einstök sveitarfélög	Skipulag/ samþykkt samninga/ atvinnusköpun	3				
		2				
19. Mannvirkjastofnun	Eftirlit með upprunavottun					

Viðauki 6 – Þátttakendur á samráðsfundi 1. september 2015

Nafn	Stofnun/samtök
1 Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir	Umhverfisstofnun
1 Aðalsteinn Sigurgeirsson	Skógrækt ríkisins
2 Anna Ragnarsdóttir	Landssamtök skógareigenda
3 Arlín Óladóttir	Skjólskógar á Vestfjörðum
4 Bjarni Diðrik Sigurðsson	Landbúnaðarháskóli Íslands
5 Björn Helgi Barkarson	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
6 Björn Jónsson	Suðurlandsskógar
7 Borgar Bragason	Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins
8 Brynjólfur Jónsson	Skógaræktarfélag Íslands
9 Einar Jónsson	Skipulagsstofnun
10 Erna Bjarnadóttir	Bændasamtök Íslands
11 Guðbrandur Brynjúlfsson	Vesturlandsskógar
12 Guðjón Bragason	Samband íslenskra sveitarfélaga
13 Guðmundur Ingi Guðbrandsson	Landvernd
14 Guðný Lára Ingadóttir	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
15 Guðríður Helgadóttir	Landbúnaðarháskóli Íslands
16 Guðrún Ragnarsdóttir	Strategía
17 Hallgrímur Indriðason	Skógrækt ríkisins
18 Hallur Björgvinsson	Suðurlandsskógar
19 Hermann Sveinbjörnsson	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
20 Hraundís Guðmundsdóttir	Landssamtök skógareigenda
21 Hreinn Óskarsson	Skógrækt ríkisins/Hekluskógar
22 Hrönn Guðmundsdóttir	Landssamtök skógareigenda
23 Jóhann Gísli Jóhannsson	Landssamtök skógareigenda
24 Jóhann Þórhallsson	Landssamtök skógareigenda
25 Jón Geir Pétursson	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
26 Jón Loftsson	Skógrækt ríkisins
27 Kristín Svavarsdóttir	Landgræðsla ríkisins
28 Líneik Anna Sævarsdóttir	Alþingi
29 Magnús Guðmundsson	Landmælingar Íslands
30 Magnús Gunnarsson	Skógaræktarfélag Íslands
31 María E Ingvadóttir	Landssamtök skógareigenda
32 Ólöf Sigurbjartsdóttir	Héraðs- og Austurlandsskógar
33 Pétur Halldórsson	Skógrækt ríkisins
34 Rúnar Ísleifsson	Skógrækt ríkisins
35 Sherry Curl	Héraðs- og Austurlandsskógar
36 Sigríður Júlía Brynleifsdóttir	Vesturlandsskógar
37 Sigurlína J Jóhannesdóttir	Landssamtök skógareigenda
38 Sveinn Runólfsson	Landgræðsla ríkisins
39 Sæmundur Þorvaldsson	Skjólskógar á Vestfjörðum
40 Trausti Baldursson	Náttúrufræðistofnun Íslands
41 Valdimar Reynisson	Skógrækt ríkisins
42 Valgerður Jónsdóttir	Norðurlandsskógar

- | | |
|-------------------------|---------------------------|
| 44 Þórarinn Svavarsson | Landssamtök skógareigenda |
| 45 Þröstur Eysteinnsson | Skógrækt ríkisins |

Viðauki 7 – Samantekt frá samráðsfundi 1. september 2015

Hér fyrir neðan eru samandregnar helstu niðurstöður samráðsfundar með helstu hagaðilum skógræktarinnar 1. september 2015:

1. Hvaða tækifæri og ógnanir felast í því að sameina Skógrækt ríkisins og landshlutaverkefni í eina stofnun?

Tækifæri:

- Öflugri stofnun/skógrækt
- Einfaldari/bætt stjórnarsýsla
- Samlegðaráhrif í rekstri
- Markvissara unnið að mannauðsmálum
- Efla rannsóknir
- Meiri áhersla á gæðamál
- Bætt þjónusta

Ógnanir:

- Óvissa starfsmanna
- Dragi úr nærþjónustu
- Fjárframlag til landshlutaverkefna fari í aukinn rekstur

2. Hvaða væntingar hafið þið til nýrrar stofnunar?

- Öflugri stofnun
- Meiri rannsóknir
- Öflugri skógrækt

3. Hvaða áherslur ætti ný stofnun að hafa að leiðarljósi fyrstu árin?

- Efla stofnunina
- Byggja upp öfluga skógrækt

4. Hvaða verkefni nýrrar stofnunar eru að einhverju leyti sameiginleg öðrum stofnunum?

- Birkiskógar
- Landgræðsla
- Landnýting

5. Tillögur að nafni á nýja stofnun:

- Skógrækt ríkisins
- Skógræktin
- Skógrækt Íslands
- Íslandsskógar
- Skógarþjónustan